ÁRSSKÝRSLA **STÍGAMÓTA** 2015



**Ritstjórn:**

Tölfræðivinnsla og texti í tölfræðihluta:
*Anna Þóra Kristinsdóttir,* sálfræðingur

**Textahluti:**

*Guðrún Jónsdóttir,* talskona Stígamóta

**Hönnun Kápu:**

Hvíta húsið

**Prentun:**

*GuðjónÓ.* Vistvæna prentsmiðjan

# Um ársskýrslur Stígamóta

Í þessari ársskýrslu segir frá 26. starfsári Stígamóta. Gerð er grein fyrir sjálfshjálparstarfinu, hugmyndafræðinni að baki starfinu og pólitískri samfélagsvinnu. Síðast en ekki síst eru teknar saman tölulegar upplýsingar ársins. Grunninn að skipulagðri gagnasöfnun lagði dr. Guðrún Jónsdóttir stofnandi Stígamóta. Þau tölulegu gögn sem safnað hefur verið, hafa reynst mikilvæg hjálpartæki við að greina umfang, eðli og afleiðingar kynbundins ofbeldis. Um textahlutann sá Guðrún Jónsdóttir. Kaflann um þjónustu við fatlað fólk skrifaði Helga Baldvinsdóttir Bjargardóttir og kaflann um hlut karla hjá Stígamótum skrifaði Hjálmar Gunnar Sigmarsson. Um tölulega samantekt sá Anna Þóra Kristinsdóttir. Í gögnin hefur verið vitnað í mörgum þingmálum, fjölda skólaritgerða á öllum skólastigum, í blaðagreinum og fjölmiðlaumfjöllun auk þess sem þau eru okkur starfsfólki Stígamóta leiðarljós við forgangsröðun pólitískra verkefna.

# Efnisyfirlit


Stofnun og hugmyndafræði ........ 3
Innra starfið ........ 4
Sjálfshjálparstarfið ........ 7
Þjónusta við fatlað fólk ........ 9
Karlar á Stígamótum ........ 10
Pólitískt samfélagsstarf ........ 11
Alþjóðastarf ........ 19
Tölulegar upplýsingar ........ 23
Frekari upplýsingar um félagslegar aðstæður ........ 27
Um ofbeldisverkin ........ 31
Kærð mál ........ 44
Fordómar og staðalímyndir ........ 45
Tölulegar upplýsingar um ofbeldismenn ........ 47
Aðstandendur ........ 49

# STOFNUN OG HUGMYNDAFRÆÐILEGUR GRUNNUR AÐ STARFI STÍGAMÓTA

Hinn 8. mars árið 1989 á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna ákváðu íslenskar konur frá fjölda kvennasamtaka og félaga að helga daginn baráttunni gegn kynferðisofbeldi á Íslandi. Sjaldan hefur myndast eins víðtæk samstaða um nokkurt mál meðal íslenskra kvenna. Forsaga þessarar samstöðu gegn kynferðisofbeldi var nokkurra ára starf ýmissa sjálfboðaliðahópa kvenna að þessum málum og höfðu þær forgöngu að ofangreindu samstarfi. Þessir hópar voru: Barnahópur Kvennaathvarfsins, Ráðgjafarhópur um nauðgunarmál, Kvennaráðgjöfin og Vinnuhópur gegn sifjaspellum. Hóparnir kynntu starfsemi sína á fjölmennum baráttufundi sem haldinn var í Hlaðvarpanum 8. mars 1989. Á fundinum var ákveðið að stofna Samtök kvenna gegn kynferðisofbeldi.

Af áralöngu starfi sjálfboðaliðahópanna, sem minnst var á að ofan, var ljóst að spurningin var ekki hvort þörf væri fyrir frekari þjónustu, heldur hvernig væri best hægt að mæta henni. Fyrsta verkefni samtakanna var því að koma á ráðgjafar- og upplýsingamiðstöð fyrir konur og börn sem höfðu verið beitt kynferðisofbeldi og byggja starfið á starfsreynslu og hugmyndafræði ofangreindra sjálfboðaliðahópa. Í kjölfarið var farið fram á styrk frá ríkinu og fékkst fjárveiting til starfsins í fjárlögum ársins 1990. Stígamót, staðurinn þar sem stígar mætast og þaðan sem leiðirnar geta verið margar, hóf síðan starfsemi sína 8. mars 1990.

Á enga er hallað þó tekið sé fram að dr. Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi hin eldri sé heilinn á bak við Stígamót. Hún hafði þekkinguna, eldmóðinn, hugmyndirnar og kraftinn til þess að hrífa með sér alla kvennahreyfinguna og skapa það einstaka úrræði sem Stígamót hafa orðið.

Nokkrar kenningar eru til um orsakir kynferðisofbeldis. Þær má flokka í þrjá aðalflokka. Fyrst er að nefna sálfræðilegar kenningar þar sem gert er ráð fyrir að skýringa sé að leita hjá einstaklingnum, bæði þeim sem beittur er ofbeldinu og þeim sem fremur það. Í öðru lagi eru fjölskyldukerfiskenningar. Í þeim kenningum er skýringa leitað í samskiptum fjölskyldunnar, allir fjölskyldumeðlimir eru ábyrgir fyrir ofbeldinu. Loks er að geta kynjafræðilegra kenninga um kynferðisofbeldi. Í þeim kenningum er skýringanna fyrst og fremst leitað í samfélagsgerðinni, þ.e. í valda- og stöðumismun. Karlar eru oftar en ekki í valdastöðu gagnvart konum og börnum, ófatlaðir í valdastöðu gagnvart fötluðum, innlendir gagnvart fólki af erlendum uppruna o.s.frv.



Inngangurinn að Stígamótum, Laugavegi 170

Frá upphafi vega hefur starfið á Stígamótum byggst á hugmyndum kynjafræðinnar um kynferðisofbeldi. Þær kenningar falla best að reynslu þeirra sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og skýra jafnframt þá staðreynd að það eru, samkvæmt okkar tölum, í miklum mæli karlar sem beita konur og börn kynferðisofbeldi. Samkvæmt þessum hugmyndum er kynferðisofbeldi ógnvænlegasta form kynjasamskipta.

Við lítum því svo á að þeir sem beita ofbeldinu noti það sem stjórntæki til þess að ná valdi yfir fórnarlambi sínu. Sú kynferðislega fullnægja sem ofbeldismenn kunna að njóta er nokkurs konar hliðarbúgrein, markmiðið er að lítillækka, ráða yfir og hafa taumhald og vald yfir þeirri manneskju sem beitt er ofbeldinu. Áhrif og afleiðingar kynferðisofbeldis eru ekki aðeins tengdar þeim sem því eru beitt. Vitundin um þetta form ofbeldis hefur áhrif á upplifun allra kvenna á því hvað það er að vera kona og tilvist þess takmarkar einnig frelsi kvenna.

# INNRA STARFIÐ

**Hugmyndafræðin að baki sjálfshjálparstarfinu**
Stígamót eru óformleg grasrótarhreyfing og starfshættir markast af því. Áhersla er lögð á að starfsemi Stígamóta byggist á reynslu þeirra sem þangað leita, jafnframt er sóst eftir að starfsfólk hafi sem besta menntun til þess að sinna starfi sínu. Allt starfsfólk Stígamóta hefur háskólamenntun sem nýtist vel í starfseminni. Ábyrgð í daglegu starfi deilir starfshópurinn jafnt en þó hefur verkaskipting aukist á síðustu árum.
Starfshópur Stígamóta hefur aldrei verið stærri en árið 2015, enda var þjónustan aukin og bætt frá því sem áður hefur verið. Starfsfólk á árinu voru Anna Bentína Hermansen kynjafræðingur, Anna Þóra Kristinsdóttir sálfræðingur, Björg G. Gísladóttir rithöfundur og bókmenntafræðingur, Erla Björg Kristjánsdóttir félagsráðgjafi, Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi og talskona Stígamóta, Halldóra Halldórsdóttir myndmeðferðarfræðingur og gjaldkeri Stígamóta, Helga Baldvins- og Bjargardóttir lögfræðingur og þroskaþjálfi sem sinnir fræðslu um málefni fatlaðra og þjónustu við fatlaða einstaklinga, Hjálmar Gunnar Sigmarsson kynjafræðingur sem hefur það hlutverk að annast fræðslu um karla og kynferðisofbeldi og sinna ráðgjöf, Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir mannfræðingur með sérfræðiþekkingu í alþjóðasamskiptum, en hún var ráðin um mitt ár til þess að sinna fjáröflun og taka þátt í pólitísku fræðslustarfi, Þóra Björt Sveinsdóttir náms- og starfsráðgjafi og Þórunn Þórarinsdóttir kennari sem jafnframt hélt utanum hópastarfið. Guðrún stundaði vinnuna sína frá Noregi fyrri hluta ársins, seinni hluta ársins var Erla í leyfi. Helga fór í barneignafrí á vordögum og var í burtu út árið.

Starfsmannaráð er skipað af talskonu Stígamóta sem jafnframt ber ábyrgð á starfsmannastjórn, en í starfsmannaráði eiga jafnframt sæti trúnaðarkona og fulltrúi framkvæmdahóps.

Starfshópurinn nýtur handleiðslu Sæunnar Kjartansdóttur sálgreinis. Auk handleiðslu hennar á starfshópurinn kost á einkahandleiðslu hjá handleiðara að eigin vali. Fleiri komu þó að starfi Stígamóta en fastráðið starfsfólk.

Um bókhald ársins sá Guðrún I. Bjarnadóttir. Fjáröflun í gegnum úthringingar fór fram mikinn hluta ársins og stýrði Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir því starfi. Stefanía Hrönn Guðrúnardóttir hélt utan um atriði tengd fjáröflun og skráningu á styrktaraðilum fram á mitt ár. Nokkrir aðilar komu að þrifum á húsnæðinu.

Leiðbeinendur og aðstoðarleiðbeinendur lögðu fram mikilvægt vinnuframlag en þeir voru á árinu Anna Bentína Hermansen, Anna Þóra Kristinsdóttir. Erla Björg Kristjánsdóttir, Sigrún Bragadóttir, Sólveig Höskuldsdóttir, Sólveig Sigurðardóttir, Steinunn Jónsdóttir, Særún Ómarsdóttir, Tanja Andersen og Þóra Björt Sveinsdóttir.

**Framkvæmdahópur**
Sérstakur framkvæmdahópur er skipaður fulltrúum leiðbeinenda í sjálfshjálparhópunum, ásamt fulltrúum starfskvenna og fulltrúa Kvennaráðgjafarinnar. Framkvæmdahópur tekur ákvarðanir í stefnumarkandi málum og hefur yfirsýn yfir og stjórn á fjármálum Stígamóta. Í framkvæmdahópi sátu allt árið þær Guðrún Jónsdóttir og Margrét Steinarsdóttir. Þær Sólveig Sigurðardóttir og Hildur Birna Gunnarsdóttir, gengu úr stjórn á árinu og þær Ásgerður Jóhannesdóttir og Sólveig Höskuldsdóttir tóku sæti þeirra. Fyrir hönd starfshóps sat Erla Björg Kristjánsdóttir fyrri hluta ársins og Björg G. Gísladóttir seinni hlutann.

**Fjárhagslegur grundvöllur**
Tekjur Stígamóta komu frá ríkinu, Reykjavíkurborg, nokkrum bæjar- og sveitarfélögum, fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum. Sótt var um framlög í ýmsa sjóði í nokkur sérverkefni og bar það nokkurn árangur.

Á milli Stígamóta og Velferðarsviðs Reykjavíkur hefur verið gerður þjónustusamningur. Auk þess fór fram fjáröflun með því að síma- og götukynnar buðu almenningi að styrkja Stígamót með mánaðarlegum framlögum. Við útgáfu ársskýrslu liggja ársreikningar fyrir.

**Velvilji og stuðningur tóku á sig ýmsar birtingarmyndir!**
Umfang starfseminnar á Stígamótum væri aðeins svipur hjá sjón ef ekki kæmi til mikill velvilji og stuðningur úr ýmsum áttum. Ómögulegt er að telja upp allt það sem varð starfseminni til góðs.

Fyrst ber að þakka almenningi. Mánaðarlegir styrktaraðilar hafa styrkt fjárhagslegan rekstrargrundvöll til muna. Slíkur stuðningur lýsir fólki með mikla samfélagslega ábyrgð.

Starfsfólk Stígamóta leitaði fanga víða til þess að hægt væri að ráðast í skilgreind og þörf verkefni. Helga fékk Hlaðvarpastyrk upp á 400 þúsund krónur sem nýttar voru til þess að talsetja myndirnar sem sýna kynferðisofbeldi gegn fötluðu fólki. Í sama verkefni fengust 637.500 kr. frá Öryrkjabandalagi Íslands.




Þær Erla Björg, Þóra Björt, Þórunn, Anna Þóra og Björg með samfélagsviðurkenningu Fréttablaðsins

Gjafir bárust úr ýmsum áttum.

- Í Reykjavíkurmaraþoni hlupu 23 og söfnuðu 512.000 kr. til starfseminnar.
- Stígamót hlutu Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins árið 2015 og fylgdu þeim auk heiðursins kærkomnar 1.200.000 krónur
- Samfylkingin heiðraði Stígamót á landsfundi sínum og veitti 100.000 kr. til starfseminnar.
- Free the Nipple hópurinn seldi brjóstaboli til styrktar Stígamótum á 19. júní og söfnuðu 230.000 kr.
- Stígamót fengu 300.000 króna peningagjöf frá hljómsveitinni „FM Belfast“.
- Leikkonuhópur sýndi Píkusögur, þann 14. sept. Allur ágóðinn rann til Stígamóta en hann nam 484.000 kr.
- Að auki gáfu einstaklingar misstórar upphæðir til starfseminnar og námu þær allt að 200.000 kr.

## Reykjavíkurmaraþonið

Á Stígamótum hefur verið að myndast meiri stemning og áhugi fyrir Reykjavíkurmaraþoninu en undanfarin ár. Anna Bentína Hermansen okkar kona í íþróttunum hljóp tíu kílómetra og með henni 22 aðrir stuðningsaðilar Stígamóta. Framleidd voru buff með merki Stígamóta fyrir hlauparana. Starfshópurinn stóð á hliðarlínunni með gjallarhorn og hvatningarorð og í kassann söfnuðust 512.000 kr.

## Listasýning í húsnæði Stígamóta

Á Stígamótum hefur verið lögð áhersla á að gera umhverfið fallegt og heimilislegt. Ein leið til þess hefur verið að halda listasýningar í vistarverunum. Sýningar hafa verið haldnar síðastliðin ellefu ár og hafa þær staðið yfir í ár í senn. Alltaf hefur listafólk tekið óskum okkar um sýningarhald vel. Á árinu sýndu á Laugaveginum þær Sara og Svanhildur Vilbergsdætur sameiginleg verk sín sem eru stór og litrík. Að þeirra sýningu lokinni tók við af þeim Kristín Gunnlaugsdóttir með falleg og sterk útsaumuð og feminísk verk. Í móttökurýminu sýndi Soffía Sæmundsdóttir verk sín.

## Endurmenntun starfsfólks, fræðsla og huggulegheit

Á árinu var haldin sumarhátíð með öllum þeim sem að starfseminni komu, hópaleiðurum, framkvæmdahópi og starfshópi. Að þessu sinni var líka haldin jólahátíð rétt fyrir jólin.

Starfsfólk sótti ráðstefnur og fyrirlestra eftir föngum og haldið var leiðbeinendanámskeið í byrjun sept.

Meginreglan í fræðslumálum ársins var að opna húsið fyrir almenningi og samstarfsaðilum þegar við fengum áhugaverða fyrirlesara til okkar. Sagt verður nánar frá þeirri vinnu í kaflanum um fræðslu.

Það er vert að geta þess að húsnæði Stígamóta er stórt og rúmgott og reynt hefur verið að gera það eins fallegt og notalegt og hægt er. Góður fyrirlestrarsalur hefur gert allt fræðslustarf svo miklu auðveldara og aðgengilegra.




Björg og Þóra Björt hvetja hlaupara í Reykjavíkurmaraþoninu

## Sannleikssjóður Stígamóta

Á Íslandi er okkur sagt að við búum í paradís kynjajafnréttis. Í sex ár hefur jafnrétti á Íslandi mælst mest í heiminum, þrátt fyrir það viðgengst að ein af hverjum þremur konum er beitt ofbeldi. Nauðgunardómar hafa lengst af verið teljandi á fingrum einnar konu á hverju ári og til viðbótar höfum við dæmi um að konur og karlar hafi verið miskunnarlaust kærð fyrir að skýra frá ofbeldinu.

Stígamótum barst bréf árið 2013 og með því fylgdu 100.000 krónur frá konu sem kýs að láta ekki nafns síns getið. Hún sagði:

"Ég er fulltrúi fjöldans, fjölda sem ekki sættir sig við að dómstólum sé beitt í hvítþvotti karla sem hata konur. Ég er fulltrúi þeirra sem er bæði ljúft og skylt að láta fé af hendi rakna til þess að standa vörð um kynfrelsi kvenna, frelsinu til að greina frá reynslu sinni og afleiðingum ofbeldis." Í framhaldinu var Sannleiksjóðurinn stofnaður í lok árs 2013 og hafa honum borist nokkrar gjafir síðan.

Á árinu voru miklar umræður um vanhæfni réttarkerfisins til þess að útdeila réttlæti og Stígamót sendu frá sér orðsendingu þess efnis að staðan væri svo slæm að freistandi væri að ráða fólki frá að kæra ofbeldi. Sjóðnum bárust nokkrar gjafir á árinu.

Stofnfé Sannleikssjóðsins er 183.000 kr. og bankaupplýsingar eru: 0101-15-383583, kennitala Stígamóta er 620190-1449.

## Mikilvægt framlag mánaðarlegra styrktaraðila

Frá árinu 2011 hafa mánaðarlegir styrktaraðilar lagt mikilvægt framlag til starfssemi Stígamóta. Heildarframlög styrktaraðila á árinu 2015 námu rúmlega 14 milljónum króna sem hafa nýst Stígamótum vel við hin ýmsu verkefni, s.s. að bjóða upp á viðtalsþjónustu utan höfuðborgarsvæðisins og auka þjónustu við fatlað fólk.

Á árinu var ráðinn starfskraftur til að halda utan um fjáröflunina og gekk Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir aftur til liðs við Stígamót eftir nám erlendis. Hlé hafði verið á verkefnum sem miða að því að fjölga styrktaraðilum en blásið var lífi í þau á nýjan leik. Í lok sumars störfuðu þrír götukynnar fyrir Stígamót þar sem þeir spjölluðu við fólk á förnum vegi og kynntu þeim starfsemina. Síðan í september hafa svo 6-8 hörkudugleg ungmenni þrammað hús úr húsi í Reykjavík nokkur kvöld í viku. Þau banka upp á hjá fólki, segja frá því sem gerist á Stígamótum og bjóða fólki að gerast styrktaraðilar. Þá var einnig farið í úthringingar þar sem fólki var ýmist boðið að ganga til liðs við styrktaraðila Stígamóta eða hækka framlagið væri það þá þegar í liðinu. Undir lok árs höfðu rúmlega 400 nýir einstaklingar svarað kallinu og styðja nú dyggilega við bakið á starfseminni.

Stígamót senda bestu þakkir til allra mánaðarlegra styrktaraðila! Ykkar framlag skiptir gríðarlegu máli í baráttunni gegn kynferðisofbeldi.



Götukynnar á vegum Stígamóta gengu í hús á árinu og kynntu starfsemina.

# SJÁLFSHJÁLPARSTARFIÐ

## Einstaklingsmiðuð ráðgjöf, netspjall og símaþjónusta

Stuðningur Stígamóta miðast ekki eingöngu við það fólk sem beitt hefur verið ofbeldi. Aðstandendur, svo sem foreldrar, makar og vinir geta einnig fengið stuðning og ráðgjöf á Stígamótum óski þeir þess. Starfsfólk Stígamóta veitir fyrst og fremst persónulega ráðgjöf í formi viðtala.

Þegar fólk leitar fyrst til Stígamóta er því boðið upp á einkaviðtöl. Einstaklingsbundinn stuðningur við að ræða ofbeldið, rifja það upp og setja á það orð eru fyrstu skrefin í þá átt að ná tökum á afleiðingum ofbeldisins sem og á sjálfsmynd og sjálfsvirðingu þeirra sem því eru beitt. Fólk sem leitar til Stígamóta ræður sjálft ferðinni, hve mikinn stuðning það vill og í hve langan tíma. Nokkuð hefur verið um að Anna Þóra Kristinsdóttir sálfræðingur hafi lagt fyrir fólk greiningarlista til þess að meta áfallastreitu þegar það hefur átt við.

Á vaktinni er alltaf starfskraftur á símavaktinni frá kl. 10 – 16 virka daga. Að auki er boðið upp á netspjall á sama tíma fyrir þau sem það hentar.

Leitast hefur verið við að koma til móts við fólk sem einhverra hluta vegna kemst ekki á Stígamót. Þannig var fólk heimsótt inn á lokaðar stofnanir, auk þess sem Stígamót buðu upp á viðtöl á Egilsstöðum og á Patreksfirði hálfsmánaðarlega. Öll þjónusta við Stígamótafólk er ókeypis.

## Níu sjálfshjálparhópar voru starfræktir á árinu

Frá upphafi hafa sjálfshjálparhópar verið mikilvægir í starfsemi Stígamóta. Boðið er upp á hópa fyrir fólk sem beitt hefur verið sifjaspellum og nauðgunum. Í þessum hópum koma brotaþolar saman til að sækja sér styrk til þess að takast á við vandamálin sem rekja má til afleiðinga sifjaspella og nauðgana. Með þátttöku í hópstarfi er einangrun rofin og þátttakendur veita hver öðrum stuðning. Samkennd og trúnaður ríkir í samskiptum þátttakenda og rauði þráðurinn í starfinu er sjálfsefling. Hóparnir hittast 15 sinnum, í þrjá tíma í senn og þátttakendur skuldbinda sig til skyldumætingar.

Á árinu voru starfræktir 9 hópar, 7 grunnhópar og 2 framhaldshópar. Samtals 38 konur tóku þátt í hópastarfinu á aldrinum 17 ára til 62 ára.

Leiðbeinendur og aðstoðarleiðbeinendur voru á árinu Anna Bentína Hermansen, Anna Þóra Kristinsdóttir. Erla Björg Kristjánsdóttir, Sigrún Bragadóttir, Sólveig Höskuldsdóttir, Sólveig Sigurðardóttir, Steinunn Jónsdóttir, Særún Ómarsdóttir, Tanja Andersen og Þóra Björt Sveinsdóttir. Halldóra Halldórsdóttir starfskona Stígamóta og myndmeðferðarfræðingur heimsótti flesta hópa og kynnti þeim myndmeðferð.

Hið árlega leiðbeinendanámskeið var haldið dagana 14.-16 september. Áhersla var lögð á mörk og sjálfsvirðingu. Að auki voru haldnir mánaðarlegir leiðbeinendafundir þar sem leiðbeinendur gátu sótt styrk og leiðsögn.

## Um Svanahópinn

Anna Þóra Kristinsdóttir sálfræðingur ásamt fleiri Stígamótakonum hefur starfrækt svokallaða Svanahópa hjá Stígamótum. Svanahópurinn er hópur fyrir konur sem hafa verið í vændi eða eru í vændi og vilja komast út úr því. Hópurinn er byggður upp að danskri fyrirmynd en samskonar hópar eru starfandi í Danmörku og í Noregi.

Aðal markmiðið með hópnum er að styrkja sjálfstraust og vinna úr þeim afleiðingum sem vændi getur haft í för með sér.

## Þjónusta við konur í vændi

Í kynningum og í pólitísku starfi Stígamóta hefur verið lögð á það áhersla undanfarin ár að hvers kyns kaup og sala á fólki í klámiðnaði sé ein birtingarmynd kynbundins ofbeldis. Á Stígamótum hefur það verið sannreynt að það tekur langan tíma að vinna úr þeirri niðurlægjandi og erfiðu ofbeldisreynslu sem vændi er. Stígamót auglýsa sérstaka símalínu fyrir fólk í kynlífsþjónustu til þess að undirstrika að hvers kyns verslun með konur er kynferðisofbeldi og að við bjóðum þessa einstaklinga velkomna til okkar. Auk ráðgjafarviðtala er boðið upp á þátttöku í sérsniðnum sjálfshjálparhópi.



Hluti starfshóps á góðri stundu

**Stígamót á Suðurfjörðum Vestfjarða**
Á árinu 2014 var gert samkomulag við sveitarfélögin Vesturbyggð og Tálknafjarðarhrepp um samstarf sem fólst í því að Stígamót sendu reglulega ráðgjafa á staðinn. Þórunn Þórarinsdóttir gamalreyndur ráðgjafi tók að sér verkið. Þjónustan var kynnt rækilega á netinu, með tölvupóstum, í Bæjarins besta blaðinu og sendar voru tilkynningar í öll hús. Einnig fór Þórunn í framhaldsdeild Menntaskóla Vesturlands sem staðsettur er á Patreksfirði til þess að kynna þjónustuna. Veður voru rysjótt, en Þórunn gerði eins og hægt var til þess að halda úti þjónustunni.

**Stígamót á Austurlandi**
Stígamót hófu þjónustu við Austfirðinga árið 2007. Þjónustan lagðist af eftir efnahagshrunið, en var síðan tekin upp aftur um leið og færi gafst. Viðtölin hafa farið fram á Egilsstöðum en það hefur hentað vel vegna staðsetningu flugvallarins og þess tíma og kostnaðar sem fylgir því að senda starfsmann austur.

Anna Bentína Hermansen ráðgjafi á Stígamótum hefur þjónustað Egilsstaði síðan í mars 2012 og hefur veitt viðtöl hálfsmánaðarlega. Frá byrjun hefur verið fullbókað í alla viðtalstíma og var brugðið á það ráð að lengja viðveru í tvo daga í senn.

Þar sem sífellt fleiri leita sér hjálpar, hefur aukinni eftirspurn verið mætt með því að gefa fólki kost á að taka þátt í sjálfshjálparhópum. Sveitarfélögin á Austurlandi hafa verið í samstarfi við Stígamót og hafa staðið straum af ferðakostnaði vegna þjónustunnar.

**Börn og unglingar**
Hjá Stígamótum fara ekki fram viðtöl eða annað starf með börnum nema mál þeirra hafi hlotið meðferð barnaverndaryfirvalda. Margir foreldrar, aðstandendur og fagfólk hringja þó og leita ráða um hvernig eigi að bregðast við hafi þau grun um að börn sem þeim tengjast hafi verið beitt kynferðisofbeldi. Þeim er ávallt veitt ráðgjöf en jafnframt bent á að hafa samband við viðkomandi barnaverndarnefnd, hringja í 112, hafa samband við lögreglu eða leita ráða hjá Barnahúsi. Þegar mál eru þekkt af barnaverndarstarfsfólki og/eða foreldrum eru börn og unglingar boðin velkomin til Stígamóta.

# FRÆÐSLA OG ÞJÓNUSTA VIÐ FATLAÐ FÓLK


Helga segir frá rannsókn sinni um nýja nálgun á lögfræði fatlaðs fólks

Helga hélt áfram að sinna ráðgjafarviðtölum fyrir fatlað fólk ásamt fræðslu og erlendu samstarfi fyrri hluta ársins en fór svo í fæðingarorlof frá og með 1. júní 2015.

Í janúar fór Helga á ráðstefnu í Vín þar sem kynntar voru niðurstöður yfirgripsmikillar rannsóknar á ofbeldi gagnvart fötluðum konum. Þar kynnti hún starf sitt sem sérhæfður starfskraftur fyrir fatlaða brotaþola kynferðisofbeldis hjá Stígamótum. Rannsóknin sem verið var að kynna var unnin af Rannsóknasetri í fötlunarfræðum við HÍ í samstarfi við rannsóknastofnanir og Háskóla í Austurríki, Þýskalandi og Bretlandi og var styrkt af Daphne III áætlun Evrópusambandsins. Rannsóknin var tvíþætt og náði bæði til fatlaðra kvenna og til aðila sem starfa með brotaþolum ofbeldis og var verið að rannsaka ofbeldi gagnvart fötluðum konum og aðgengi þeirra að sérhæfðum stuðningi. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar eru Stígamót dæmi um „best practices" eða bestu starfshætti með því að ráða sérstakan starfsmann til að gera starfsemina aðgengilegri og sinna vitundarvakningu um ofbeldi gagnvart fötluðu fólki.

Hlaðvarpinn og Öryrkjabandalag Íslands styrktu þýðingu, textun og talsetningu á fimm sænskum stuttmyndum „Det finns stunder" sem fjalla um ofbeldi gagnvart fötluðum konum. Í myndunum er fjallað um ólíkar tegundir ofbeldis sem fatlaðar konur með ólíkar skerðingar verða fyrir. Þessar stuttmyndir eru notaðar í fræðslu og forvarnarstarfi Stígamóta en einnig er hægt að panta eintök af þeim á helga@stigamot.is.

Þá hefur verið reynt að bæta viðmót heimasíðu Stígamóta og færa hana í aðgengilegra form. Einn valglugginn er merktur „fatlað fólk" og þar er að finna eina af stuttmyndunum fimm í fullri lengd á íslensku. Þá er þar fróðleikur á auðskildu máli um ofbeldi og afleiðingar þess.

Í fyrra fengu Stígamót leyfi til að þýða bæklinginn „Hvað gerðist?" og setja á heimasíðu sína. Þessi bæklingur er verkfæri með vandlega uppbyggðum spurningum sem auðveldar fólki sem á erfitt með að tjá sig til að tala um ofbeldi. Í sumar fékk Reykjavíkurborg heimild til að gefa bæklinginn út og er hann einnig að finna á vefsíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/mannrettindi.

# KARLAR OG KYNFERÐISOFBELDI

**Að vinna með körlum**

Eftir að hafa ráðið karlkyns ráðgjafa árið 2014, var árið 2015 notað til að halda áfram að þróa starf Stígamóta sem snertir karla. Í allri fræðslu og fjölmiðlaumfjöllun Stígamóta var lögð mikil áhersla á ábyrgð karla í umræðunni um kynferðisofbeldi gegn konum og mikilvægi þess að gera ofbeldismenn sýnilega þegar verið er að takast á við þennan málaflokk.

Síðastliðið ár var lögð sérstök áhersla á að þróa þjónustu Stígamóta fyrir karlkyns brotaþola. Markmiðin voru meðal annars að öllum sé ljóst að karlar og strákar geti orðið fyrir kynferðisofbeldi, að fleiri karlar leiti sér hjálpar og að þeir upplifi sig velkomna á Stígamótum. Árið 2015 voru karlar 14.9% þeirra sem komu í fyrsta sinn til Stígamóta, en árið áður voru þeir 11.9%. Þessi aukning er til marks um að átakið hafi virkað.

Snemma á árinu sótti Hjálmar Sigmarsson, ráðgjafi á Stígamótum, alþjóðlega ráðstefnu um karlmennskur og jafnréttismál í New York borg, þar sem hann hélt fyrirlestur um þjónustu Stígamóta fyrir karlkyns brotaþola. Einnig hitti Hjálmar samtök og sérfræðinga sem vinna með karlkyns brotaþolum, til þess að safna upplýsingum og koma á tengslum við sérfræðinga á þessu sviði.

Umfjöllun um karlkyns brotaþola kynferðisofbeldis var hluti af allri fræðslu sem fór fram á vegum Stígamóta. Auk þess voru haldnir sérstakir fyrirlestrar um karlkyns brotaþola fyrir nemendur úr mörgum framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu sem og starfsfólk félagsmiðstöðva Reykjavíkurborgar. Einnig var þjónusta Stígamóta kynnt fyrir nemendum UNU GEST við Háskóla Íslands og fjölda erlendra samtaka sem heimsóttu Stígamót. Í desember var haldinn sérstakur morgunverðarfundur sem hluti af fundaröð Stígamóta um margbreytileika og forréttindi, þar sem Hallgrímur Helgason las úr síðustu bók sinni. Þar lýsti hann reynslu sinni af kynferðisofbeldi sem hann varð fyrir sem ungur maður.

Á árinu voru haldin þrjú kvöld undir yfirskriftinni “Strákarnir á Stígó” þar sem körlum sem hafa nýtt þjónustu okkar í gegnum árin var boðið uppá tækifæri til að hittast og ræða málin við aðra karlkyns brotaþola, í traustu og öruggu rými. Á haustmánuðum var tekið upp á því að auglýsa sérstakt netspjall fyrir karla á mánudögum, til þess að gefa körlum tækifæri til þess að taka fyrstu skrefin og fá upplýsingar um þá þjónustu sem er í boði. Til þess að kynna fyrrnefnda dagskráliði og þjónustu Stígamóta fyrir karla fór Hjálmar í viðtöl við marga fjölmiðla.



Hjálmar á Rakarastofuráðstefnunni í New York

Í lok ársins og með styrk frá Forvarnarsjóði Reykjavíkurborgar, var gefinn út sérstakur bæklingur um og fyrir karlkyns brotaþola. Þetta var í fyrsta skiptið sem Stígamót gefa út sérstakt fræðsluefni um efnið. Markmið fræðsluefnisins er að öllum sé ljóst að karlar og strákar geti orðið fyrir kynferðisofbeldi. Það þarf að uppræta neikvæðar og skaðlegar staðalmyndir sem tengjast hugmyndum um karlmennskur, kynlíf, kynhegðun og karlmenn sem þolendur kynferðisofbeldis. Markmiðið er líka að fleiri karlmenn leiti sér hjálpar vegna afleiðinga kynferðisofbeldis. Bæklingurinn mun nýtast vel í fræðslu og verður dreift til fjölda stofnana og samtaka.

# PÓLITÍSKT SAMFÉLAGSSTARF

MARKMIÐ STÍGAMÓTA HAFA FRÁ UPPHAFI VERIÐ TVÍÞÆTT. ANNARS VEGAR AÐ BJÓÐA UPP Á ÞJÓNUSTU VIÐ FÓLK SEM BEITT HEFUR VERIÐ OFBELDI OG HINS VEGAR AÐ GERA ÞAÐ SEM HÆGT ER TIL ÞESS AÐ STÖÐVA OFBELDI, AUKA FRÆÐSLU, BÆTA LAGAUMHVERFI OG BÆTA ÚRRÆÐI FYRIR BROTAÞOLA.

**Fræðsla, fyrirlestrar og heimsóknir**

Alla tíð hafa fræðsla og forvarnir verið mikilvægir þættir í starfseminni og þannig var það líka á þessu ári.

Fundarsalurinn rúmgóði á Stígamótum hefur skapað kjöraðstæður til fræðslu. Hægt var að taka á móti stórum hópum og salurinn var í mikilli notkun.

Hér á eftir verður haldið til haga stórum og smáum fræðsluverkefnum sem unnin voru á árinu.



Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri með sínu fólki á Stígamótum

**Framleiðsla á fræðsluefni**

Fyrst ber að nefna að ársskýrslur fyrstu 25 áranna í sögu Stígamóta voru bundnar inn og afhentar Kvennasögusafni til varðveislu í afmælisfagnaðinum sem haldinn var þann 6. mars.

Á árinu voru framleiddir tveir nýir bæklingar. „Stígamót fyrir alla", til þess benda á að allir séu velkomnir á Stígamót, hvernig svo sem þeir skilgreina sig. Fólk af öllum kynjum, fólk af erlendum uppruna, karlar, fatlað fólk og hvers kyns aðrir hópar. Bæklingurinn var framleiddur fyrir styrk frá Góða hirðinum.




Nýju Stígamótabæklingarnir

Hins vegar var framleiddur bæklingurinn „Stígamót fyrir karla" til þess að leggja enn frekari áherslu á að þeir séu velkomnir á Stígamót. Kostnaðurinn var greiddur úr Forvarnarsjóði Reykjavíkurborgar.

Helga Baldvins- og Bjargardóttir lét þýða fimm sænsk fræðslumyndbönd um ofbeldi gegn fötluðum konum. Myndböndin sem heita „Það koma tímar" benda á mörg og óljós ofbeldisform og vekja fleiri spurningar en þau svara. Þau eru frábær undirstaða fyrir umræður og vitundarvakningu.

Að lokum má geta þess að tökur voru gerðar á myndbandsefni sem byggir á viðtölum við Stígamótafólk þar sem það lýsir ýmsum mikilvægum hliðum á kynferðisofbeldi. Hvað var verst? Breytti það einhverju að sækja sér hjálp? Hvað gerði fólk eftir kynferðisofbeldið? Hvað vill fólk segja við kynferðisbrotamennina og hvernig vill það lýsa þeim? Efnið var framleitt fyrir styrk frá Mannréttindaráði Reykjavíkurborgar. Það verður notað í fjölmiðlum og mun nýtast á marga vegu í fræðslustarfinu.



Hvatningarlið Stígamóta í Reykjavíkurmaraþoninu

## Gestafyrirlesarar á Stígamótum

Annars staðar hefur verið sagt frá fyrirlestraröð sem Stígamót buðu upp á á haustdögum um margbreytileika og forréttindi. Að auki hélt Hildur Fjóla Antonsdóttir doktorsnemi opinn fyrirlestur hjá Stígamótum þar sem hún kynnti niðurstöður úr rannsókn sinni sem nefndist „Viðhorf fagaðila til meðferðar nauðgunarmála innan réttarvörslukerfisins og tillögur að úrbótum".

Páll Ólafsson hjá Barnaverndarstofu hélt fræðsluerindi og svaraði fyrirspurnum starfshópsins um barnaverndarmál.

Auk þess hélt Helga Baldvins- og Bjargardóttir opinn fyrirlestur um efni meistararitgerðar sinnar í lögfræði við HR. Ritgerðin fjallar um nýja nálgun á lögræði fatlaðs fólks.



Hildur Fjóla Antonsdóttir kynnir rannsókn sína um réttarkerfið

## Fræðsla fyrir ungt fólk í framhaldsskólum, í háskólum og í félagsmiðstöðvum

Oftast hefst kynferðisofbeldi snemma og í 60% tilfella hófst það fyrir 18 ára aldur hjá Stígamótafólki. Það er brýnt að fyrirbyggja það og að fólk fái hjálp sem fyrst. Ungt fólk er þess vegna sá



Fulltrúar 17 félagasmiðstöðva heimsóttu Stígamót

hópur sem Stígamót vilja helst ná til. Það er því ánægjulegt að segja frá því að umfangsmikil fræðsla átti sér stað í framhaldsskólum landsins.

Þar er mikil vakning á meðal nemenda, bæði hjá nemendafélögum og feministafélögum. Feministafélag MR óskaði eftir fræðslu og feministafélagið í Verzlunarskólanum mætti á súpufund hjá Stígamótum. Hjálmar var með erindi á kynjafræðiþingum framhaldsskólanna, bæði í apríl og í október.

Margir framhaldsskólar voru heimsóttir og var ýmist talað við hópa, bekki eða allan skólann og ýmsir hópar heimsóttu Stígamót, bæði vegna verkefnavinnu, bekkjardeildir fengu fræðslu og fleiri hópar. Má nefna fræðslu í MS, í Kvennaskólanum, í Fjölbraut í Breiðholti, í Fjölsmiðjunni, í MH, og að bekkjardeildir úr FÁ, Fjölbraut Suðurnesja, MK, MS, Starfsdeild Flensborgar og úr Tækniskólanum heimsóttu Stígamót. Síðast en ekki síst fór Þórunn með fræðslu í grunnskólann á Patreksfirði og kynnti þá m.a. þjónustu okkar á Suðurfjörðum Vestfjarða.

Stígamót tóku þátt í jafnréttisdögum í HR og læknanemar á 2. ári fengu sína árlegu fræðslu. Algengt var að lögfræðinemar heimsæktu Stígamót vegna ýmissa verkefna hjá Svölu Ísfeld, en hún er afkastamikil fræðikona á okkar sviði. Einnig komu hjúkrunarfræðinemar í fræðslu.

Nemendur í Jafnréttisskóla Sameinuðu þjóðanna komu í árlega heimsókn á Stígamót og fengu fræðslu um málaflokkinn og jafnréttismál almennt.

Að lokum skal þess getið að 24 fulltrúar 17 félagsmiðstöðva sóttu fræðslu á Stígamót og lagt var á ráðin um frekara samstarf og fræðslu í félagsmiðstöðvunum.

### Önnur fræðsluverkefni

Önnur fræðsluverkefni voru fjölbreytt. Má nefna námskeið fyrir allt starfsfólk Sólheima í Grímsnesi sem haldið var í tveimur hollum, svo allir gætu tekið þátt.

Helga var með kynningu fyrir fagdeild félagsráðgjafa í málefnum fatlaðs fólks. Hún fræddi líka fólk frá Þroskahjálp og Sjónarhóli.

Í október hélt Átak, félag fólks með þroskahömlun, fund í sal Stígamóta þar sem fram fór kynning á þeim samtökum sem bjóða upp á ráðgjöf fyrir þá sem orðið hafa fyrir ofbeldi. Þeir aðilar sem héldu kynningar á fundinum voru frá Samtökum um kvennaathvarf, Stígamótum, Drekaslóð og Áfalla- og sálfræðimiðstöðinni.

Einnig má nefna hugvekju á aðventukvöldi í Fríkirkjunni í Reykjavík um fjölbreytileika og forréttindi sem Guðrún flutti. Þau Hjálmar og Steinunn héldu erindi á Hinsegin dögum og einnig var Stígamótum boðið að flytja erindi á hádegisfundi hjá Rótarý í Reykjavík. Jafnframt tók Hjálmar þátt í panel á málþingi Félagsfræðingafélags Íslands um kynferðisofbeldi.



Steinunn og Hjálmar á Hinsegin dögum

Félag fólks um hópmeðferð fékk fræðslu og sendifulltrúi Rauða krossins á leið til Papúa í Nýju Gíneu var nestaður með upplýsingum.

Stígamót veittu upplýsingar fyrir doktorsverkefni sem felst í að gera kostnaðarmat á heimilisofbeldi. Eyrún Jónsdóttir á Neyðarmóttöku vegna nauðgana mætti með hóp nema, sálfræðinga og hjúkrunarfólk.

Innanríkisráðuneytið óskaði eftir því að Stígamót settu fram hugmyndir um námsefni fyrir Lögregluskólann um kynferðisofbeldi. Orðið var við þeirri bón með gleði.

Guðrún tók að sér að vera viðbragðsaðili við erindi Clare McGlynn, lagaprófessors við Durham háskóla um réttlæti fyrir brotaþola í kynferðisbrotamálum, sem haldið var á ráðstefnu RIKK í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar.

### Þátttaka í nefndum og ráðum ásamt öðru samstarfi

Með árunum hefur samvinna við stjórnvöld og aðra aðila aukist mjög og er það af hinu góða. Stígamót eiga ásamt Kvennaathvarfinu einn fulltrúa í Jafnréttisráði. Þetta árið sá Kvennaathvarfið um vaktina í ráðinu.

Ofbeldisvarnaráð Reykjavíkurborgar fundaði tvisvar á árinu, í Ráðhúsinu og hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Mikilvægt upplýsingastreymi, samráð og fræðsla á sér stað á þessum vettvangi. Formaður ofbeldisvarnaráðs heimsótti Stígamót á haustmánuðum til þess að glöggva sig á málum.

Landssamráð um kynferðisofbeldi var haldið af velferðarráðherra og þverfaglegri ráðuneytanefnd sem skrifa á aðgerðaáætlun gegn ofbeldi og gera tillögur að úrbótum í málaflokknum.

Í tólf ár hefur Stígamótum boðist að eiga fulltrúa í íslensku sendinefndinni á kvennanefndarfundum Sameinuðu þjóðanna í New York. Myndast hefur traust og góð samvinna við starfsfólk utanríkis- og velferðarráðuneyta. Fundað var með sendiherra hjá SÞ þegar talskona Stígamóta tók þátt í kvennanefndarfundi ársins.

Í tengslum við þátttöku í kvennanefndarstörfum var talskonu Stígamóta boðið að flytja erindi á hátíðardagskrá vegna 70 ára afmælis Sameinuðu þjóðanna í lok október.

Tveir fundir voru haldnir með formanni Velferðarráðs og yfirmanni velferðarsviðs, þeim Ilmi Kristjánsdóttur og Stefáni Eiríkssyni til þess að kynna starfið og ræða atriði þjónustusamnings borgarinnar og Stígamóta.

Fundað var með lögreglustjóra höfuðborgarsvæðins sem kynnti breytt og bætt fyrirkomulag við rannsókn kynferðisbrotamála.

Velferðarráðuneytið setti á fót teymi til samráðs um aðgerðir er snúa að þjónustu við fórnarlömb mansals. Tók Steinunn að sér þá vinnu fyrir hönd Stígamóta

Umboðsmaður barna bauð ýmsum til samráðs um málefni barna á Íslandi og ýmsir fulltrúar félagasamtaka heimsóttu Stígamót. Má nefna Sóleyju Björk Stefánsdóttur í stjórn Aflsins á Akureyri og Sólveigu Rós frá Samþykkishópnum

Dagskrárstjóri RÚV Skarphéðinn Guðmundsson fékk heimsókn frá Stígamótum til þess að ræða mögulega dagskrárgerð um kynferðisofbeldi.

Anna Bentína tók þátt í stórfundi ASÍ og Jafnréttisstofu um Pekingáætlunina og hún sótti líka ráðstefnu Rótarinnar um konur og málþing HR um heimilisofbeldi.



Kvennahreyfigin og Hörður Helgi Helgason

## Líf í grasrótinni

Það hvissaðist á haustmánuðum að til stæði að Amnesty International myndi mögulega marka afleita stefnu í baráttunni gegn vændi. Fyrir lágu tillögur um að Amnesty legði til að vændi yrði gefið frjálst, svo og milliganga um vændi og rekstur vændishúsa.

Stígamót höuðu í fulltrúa kvennahreyfingarinnar og lagt var á ráðin um að hafa áhrif á Íslandsdeildina. Það þótti mikilvægt að Amnesty myndi halda á lofti þeim sjónarmiðum sem tekið hafði áratug að móta hér heima, nefnilega að vændi væri í raun kynferðisofbeldi og skyldi meðhöndlað sem slíkt. Herði Helga Helgasyni formanni Íslandsdeildarinnar var boðið á fund með hreyfingunni og honum kynntar hugmyndir kvenna og væntingar. Á fundinum gaf formaðurinn ekki upp afstöðu Íslandsdeildar Amnesty og það olli áhyggjum. Í framhaldi af fundinum var fréttatilkynning send út.

Lyktir urðu þær að Amnesty samþykkti að vændi skyldi gefið frjálst og Íslandsdeildin sat hjá af óskiljanlegum ástæðum. Í kjölfarið yfirgáfu margir Amnesty með trega og fjöldamótmæli fóru fram víðs vegar um heiminn.

*Fréttatilkynning sjö kvennasamtaka*

## Friðhelgi fyrir dólga og vændiskaupendur?

Amnesty International hefur í meira en fimmtíu ár unnið þrekvirki. Stuðlað að lífi án ofbeldis, réttlæti og mannréttindum um allan heim. Samtökin njóta mikils trausts og virðingar og von okkar er að svo megi verða áfram.

Helgina 7.- 11. ágúst fundar alþjóðahreyfing Amnesty International í Dublin á Írlandi. Fyrir fundinum liggur tillaga um að Amnesty líti svo á að vændi eigi að gefa frjálst. Kaup, sala, milliganga um vændi og rekstur vændishúsa verður samkvæmt tillögunni látið óatalið. Allt í nafni mannréttinda fólks í vændi. Ef tillagan verður samþykkt eru það alvarleg mistök sem ganga þvert á þá mannréttindabaráttu sem Amnesty er þekkt fyrir.

Að okkar mati er vændi ekki atvinnugrein. Vændi er ofbeldi og frjáls sala á fólki samræmist ekki okkar skilgreiningu á mannréttindum. Þar að auki er nær ógjörningur að skilja á milli vændis og mansals. Kaupendur hafa ekki hugmynd um hvort þær konur sem þeir kaupa, eru að selja sig af fúsum og frjálsum vilja eða þær eru gerðar út af manseljendum. Ef Amnesty vill uppræta mansal, er mikilvægt að samtökin geri sér grein fyrir að það verður ekki gert nema með því að minnka eftirspurn eftir vændi. Samhliða því þarf að bjóða upp á félagsleg úrræði fyrir þau sem stunda vændi og leiðir út.

Í heiminum er tekist harkalega á um það hvernig nálgast eigi vændi. Sumstaðar eru bæði kaup og sala bönnuð. Þannig voru íslenskar konur í vændi sekar að lögum fram til ársins 2007. Annars staðar hefur vændi verið gefið frjálst og þekktustu dæmin um þá leið eru Þýskaland og Holland. Í þeim löndum hefur vændisiðnaðurinn vaxið mjög og í skjóli hans þrífst mansal sérlega vel. Í þeim löndum hefur líf kvenna í vændi ekki orðið öruggara, en dólgar, vændishúsaeigendur og vændiskaupendur hafa hins vegar stöðu heiðvirðra kaupmanna og viðskiptavina.

Í Svíþjóð var vændi skilgreint sem ofbeldi gegn konunum sem það stunda og lög voru sett í samræmi við þann skilning árið 1999. Þannig var sala á vændi í lagi, en kaup á fólki ólögleg, svo og auðvitað milliganga um vændi og rekstur vændishúsa. Noregur og Ísland fóru að dæmi Svía árið 2009, eftir langa baráttu sameinaðrar kvennahreyfingar og fleiri aðila. Síðar hafa Kanada og Norður-Írland bæst í hópinn. Jafnréttisnefnd Evrópuþingsins lét gera úttekt á leiðum í baráttunni gegn vændi og mansali og samþykkti í framhaldi af því að mælast til þess við aðildarlöndin að þau færu að dæmi Svía og bönnuðu kaup á vændi.

Norræna leiðin er þekkt um allan heim sem sú árangursríkasta og réttlátasta í baráttunni gegn vændi og mansali. Í Noregi þar sem lögunum hefur verið framfylgt er talið að vændi hafi minnkað um 25%. Þar hefur ofbeldi gegn fólki í vændi ekki aukist, eftirspurnin hefur minnkað og viðhorfsbreyting hefur átt sér stað. Viðhorfskönnun sem gerð var á Íslandi af Gallup árið 2008 sýndi að meiri hluti bæði karla og kvenna og meirihluti fólks í öllum þáverandi flokkum vildi banna kaup á vændi.

Stígamót þjónusta fólk sem beitt hefur verið kynferðisofbeldi. Þar taka árlega 35-50 konur og nokkrir karlar þátt í sjálfshjálparstarfi vegna afleiðinga klámiðnaðarins. Afleiðingarnar eru sambærilegar við afleiðingar annars kynferðisofbeldis, þ.e.a.s. skömm, kvíði, þunglyndi, léleg sjálfsmynd og sjálfsvígshugsanir, en á ýmsa vegu ýktari. Þó ekki væri nema þess vegna, getum við í sameinaðri kvennahreyfingu ekki setið hjá og beðið þess sem

verða vill í Dublin. Við buðum Herði Helga Helgasyni formanni Íslandsdeildarinnar til fundar við okkur þann 4. ágúst og kynntum honum viðhorf okkar. Á fundinum gaf formaðurinn ekki upp afstöðu Íslandsdeildar Amnesty og það veldur okkur áhyggjum.

Ef Amnesty International mælir með að því að vændi verði gefið frjálst, er dólgum og vændiskaupendum þar með gefin friðhelgi og mannréttindi kvenna í vændi fótum troðin. Slík stefna myndi skaða þann mikilvæga trúverðugleika og það traust sem Amnesty nýtur í dag. Það má ekki gerast.

Stígamót, Kvennaathvarfið, Kvennaráðgjöfin, Samtök kvenna af erlendum uppruna, Kvenfélagasamband Íslands, Kvenréttindafélag Íslands, og Femínistafélag Íslands skora á Íslandsdeild Amnesty International að halda á lofti norrænu leiðinni í Dublin um helgina og beita sér af alefli fyrir því að tillagan um að vændi verði gefið frjálst verði felld.

F. h. Stígamóta, Samtaka um kvennaathvarf, Kvennaráðgjafarinnar, Samtaka kvenna af erlendum uppruna, Kvenfélagasambands Íslands, Kvenréttindafélags Íslands, og Femínistafélags Íslands

Guðrún Jónsdóttir
Sigþrúður Guðmundsdóttir
Þorbjörg Inga Jónsdóttir
Anna Wozniczka
Una María Óskarsdóttir
Fríða Rós Valdimarsdóttir
Una Hildardóttir

### Rannsóknir tengdar Stígamótum

Hildur Fjóla Antonsdóttir er að vinna doktorsrannsókn um hugmyndir brotaþola kynferðisofbeldis um réttlæti. Hún fær alla þá aðstoð sem Stígamót geta veitt og Stígamótafólk fagnar því að geta deilt hugmyndum sínum og reynslu til þess að betur sé hægt að skilja og bregðast við kynferðisofbeldi.

Á árinu fékk Elsa Guðrún Sveinsdóttir aðgang að tölfræðigögnum til þess að vinna úr þeim upplýsingar og gera samanburð á afleiðingum hópnauðgana og annarra nauðgana. Um var að ræða meistararitgerð í félagsráðgjöf.

### Fyrirlestraröð Stígamóta um margbreytileika og forréttindi

Á haustmisseri buðu Stígamót upp á morgunverðarfyrirlestra um margbreytileika og forréttindi. Það hefur lengi verið vitað að heimurinn er ekki svart-hvítur. Þó að kyn hafi mikil áhrif á það hver okkar eru í mestri hættu á að vera beitt ofbeldi, þá spila margar aðrar breytur stór hlutverk líka.

Tilgangur þessarar fyrirlestraraðar var að skoða hvernig ólíkur bakgrunnur ýmissa hópa hefur áhrif á forréttindi, fordóma og mismunun. Sérstök áhersla var lögð á ofbeldi og aðgang að þjónustu til að vinna úr afleiðingum þess. Fyrirlestrarnir voru sem hér segir:



Embla og Freyja frá Tabú

### Tabú á Stígamótum

Þær Embla Guðrúnar Ágústsdóttir og Freyja Haraldsdóttir ræddu kynferðisofbeldi gegn fötluðu fólki.



Marai og Claudia

### Erlendar konur á Stígamótum

Claudia Ashonie Wilson frá Samtökum kvenna af erlendum uppruna og Marai Larasi frá Imkaan sem eru samtök svartra feminista á Bretlandi héldu framsögur.

### Hinsegin fólk á Stígamótum

Sigríður Birna Valsdóttir leiklistar- og fjölskyldumeðferðarfræðingur og ráðgjafi hjá Samtökunum ´78 ræddi «Hinseginmeðvitund í ráðgjafarstarfi». Frá Trans Íslandi kom Ugla Stefanía Jónsdóttir.

**Karlar á Stígamótum**

Hallgrímur Helgason flutti erindi og las úr nýrri bók sinni „Sjóveikur í Munchen" og Hjálmar G. Sigmarsson kynnti þjónustu Stígamóta fyrir karla




Hallgrímur Helgason

## Fjölmiðlar

Fjölmiðlar – fjórða valdið, eru mikilvægir áhrifavaldar sem Stígamót reyna að vinna með eftir bestu getu. Allt árið var reglulega hringt og leitað eftir áliti og var því sinnt eftir bestu getu. Nokkur málefni fengu meiri athygli en önnur. Má nefna umræðuna í tengslum við 25 ára afmæli Stígamóta, umræðu um kynferðisbrot á útihátíðum, umræðuna um stefnu Amnesty í vændismálum og umræðu um karla og kynferðisofbeldi.

Í tengslum við 25 ára afmæli Stígamóta og kynningu ársskýrslu héldu Stígamót fjölmiðlafund. Stígamót fengu viðurkenningar Fréttablaðsins og Samfylkingarinnar og talsfólk okkar komst víða að hljóðnemunum. Dr. Guðrún Jónsdóttir eldri vakti athygli á tímamótunum og viðtöl birtust við hana á nokkrum stöðum.

Anna Bentína fór í bæði sjónvarps- og útvarpsviðtöl, Guðrún fór í Laugardagsþáttinn til Sigurlaugar Jónasdóttur. Þær Þórunn og Anna Bentína fóru á Hringbraut í þáttinn Fólk með Sirrý í kjölfar Beauty tips byltingarinnar. Steinunn fór í Hæpið á RÚV en það var sjónvarpsþáttaröð fyrir ungt fólk og tileinkað baráttunni gegn kynferðisofbeldi. Mannlegi þátturinn á RÚV kynnti í gegnum viðtöl fyrirlestraröð Stígamóta um margbreytileika og forréttindi.

Hjálmar átti margar innkomur í fjölmiðla tengdar starfi með karlkyns brotaþolum þar sem hann kynnti meðal annars netspjallið og opið hús fyrir „Strákana á Stígó". Hann sendi út margar fréttatilkynningar og skrifaði grein í Fréttablaðið í tengslum við 16 daga átakið gegn ofbeldi.

Blaðamenskunemar kynntu sér starfið og má nefna Kristine Hoff frá Noregi og Meg Caldwell frá Bandaríkjunum.

Annars staðar er sagt frá tilraunum íslenskrar kvennahreyfingar til þess að hafa áhrif á stefnumörkun Amnesty International í vændismálum. Sú barátta vakti fjölmiðlaathygli bæði áður en ákvörðunin var tekin og svo þegar ljóst var að Íslandsdeildin hafði setið hjá við atkvæðagreiðsluna.

Í tengslum við þjóðhátíð í Eyjum tilkynnti lögreglustjóri staðarins að hún myndi ekki gefa upplýsingar um þau kynferðisbrot sem kynnu að verða framin á meðan á hátíðarhöldunum stæði. Stígamót gagnrýndu þessa ákvörðun harðlega. Bent var á að hún væri í hróplegu ósamræmi við þá opnu umræðu sem átt hefði sér stað um þessi brot og að þöggunin gagnaðist best þeim sem fremdu slík brot og þeim sem þénuðu á því að Þjóðhátíð væri ekki tengd við slíka glæpi. Margir tóku þátt í umræðunum og bæjarstjórinn, lögreglustjórinn og formaður fagteymisins á staðnum sem tekið hafði þátt í ákvörðunartökunni, höfðu samband við Stígamót og þótti að sér vegið. Hins vegar virtust flestallir fagaðilar sammála Stígamótafólki um að þögnin væri tímaskekkja.

Stígamót eru með virka síðu á Facebook og hún er oft nýtt til þess að koma á framfæri femínískum viðhorfum og stundum voru þau gripin af fjölmiðlum og þá lifði umræðan áfram.

Dæmi um slíka atburðarás var færsla sem birt var þann 20. nóvember í kjölfarið á sýknudómum í grófum brotamálum, slælegum rannsóknum og kærum sem brotaþolar fengu á sig fyrir falskar ásakanir og jafnvel fyrir kynferðisbrot. Færslan er birt hér að neðan, en hún olli titringi og nokkurri fjölmiðlaumræðu

*Nú rignir eldi og brennisteini eins og stundum áður. Það er svo komið að okkur sýnist ekki bara erfitt að mæla með því að kæra kynferðisofbeldi. Okkur sýnist að svo sé komið að nærtækast sé að ráða fólki frá því að kæra. Það er ekki bara vonlítið að ná fram réttlæti, heldur á fólk á hættu að vera úthrópað glæpafólk. Það getur átt von á að vera kært fyrir falskar ásakanir og þurfa þá að sanna það sem lögreglunni tekst oftast ekki að sanna, að nauðgun hafi átt sér stað. Í þá stöðu er ekki hægt að setja fólk og það er óviðunandi.*

*Við minnum á Sannleikssjóðinn okkar. Hann er ætlaður til þess að styðja við þær konur sem eru kærðar fyrir að segja frá ofbeldi gegn sér. Í honum er lítið fé, en við gætum reynt að efla hann. Grasrótin í kvennahreyfingunni er sprelllifandi og lokaðir hópar kvenna sem beittar hafa verið kynferðisofbeldi, hafa óskað eftir stuðningi og neyðarfundi hjá Stígamótum til þess að geta haldið utanum hverja aðra og til þess láta ekki óréttinn buga sig. Ef fleiri konur sem haldnar eru áfallastreitu vegna kynferðisofbeldis vilja sitja svona fundi, vinsamlegast hringið til okkar í 5626868. Í þessu ríki þykir ríkja mest jafnrétti í öllum heiminum sjöunda árið í röð.*



Viðurkenningahafar Stígamóta 2015

**Viðurkenningar Stígamóta árið 2015**
Einn af hápunktum ársins á Stígamótum hvert ár er útdeiling á viðurkenningum fyrir framúrskarandi framlag til baráttunnar gegn kynferðisofbeldi. Það var árið 2008 sem fyrstu viðurkenningarnar voru veittar, og því var það áttunda athöfnin sem boðað var til á Stígamótum þann 27. nóvember.

Áður hafa verið veittar ýmis konar viðurkenningar. Réttlætisviðurkenningar, hugrekkisviðurkenningar, alþjóðlegar viðurkenningar, samstöðuviðurkenningar, viðurkenningar til kvenna sem hafa ögrað viðteknum gildum, jafnréttisviðurkenningar og fleiri mætti nefna. Stígamót hafa tekið sér það frelsi að skilgreina hvað vel hefur verið gert og stundum hefur konum verið hampað sem unnið hafa þrekvirki, án þess að hafa komist í kastljós fjölmiðlanna.

Að þessu sinni voru það Hæpið, Kristín Jóna Þórarinsdóttir, Hanna Þorvaldsdóttir, Free the nipple á Íslandi, Framlag til Beauty Tips byltingarinnar, Brynhildur Yrsa Valkyrja Guðmundsdóttir, Alma Ómarsdóttir, Kamila Modzelewska, Ásdís Viðarsdóttir, Halldóra Halldórsdóttir og Hagaskólastelpurnar sem hlutu viðurkenningarnar fyrir mikilvægt framlag í jafnréttisbaráttunni.

Þakklætisviðurkenning Stígamóta 2015
**Halldóra Halldórsdóttir**
Á þeim tuttugu og fimm árum sem Stígamót hafa starfað hafa ansi margir tekið þátt í starfinu, bæði starfskonur, leiðbeinendur og grasrótarfólk. Sú sem lengst allra hefur starfað sem ráðgjafi hjá Stígamótum er Dóra. Hún hefur þar að auki komið inn í flesta sjálfshjálparhópana okkar undanfarin tuttugu ár með listmeðferð og fengið fólk til þess að skoða eigið líf í nýju ljósi. Það er notalegt til þess að vita að hún hefur haft góð áhrif á líf fjölda fólks með innsæi sínu, þekkingu, reynslu, greind, samkennd og vel slípaðri réttlætiskennd.

Dóra fer gjarnan eftir eigin reglum sem engu okkar dettur í hug að setja spurningamerki við. Orð hennar vega þungt þegar farið er yfir erfið mál. Hún getur geðvonskast yfir hlægilegum smáatriðum, er mikill dýravinur og mörg höfum við oft laumað okkur inn til hennar til þess að blása og leita ráða, bæði faglegra og vegna persónulegra mála.

Hún hefur sannarlega lagt sitt af mörkum til þess að bæta lýðheilsu á Íslandi. Við þökkum henni mikilvægt vinnuframlag og óskum henni velfarnaðar við starfslok.

Hugrekkisviðurkenning Stígamóta 2015
**Kristín Jóna Þórarinsdóttir**
Á Stígamótum höfum við undanfarin misseri lagt áherslu á að bæta þjónustu við fatlað fólk. Ofbeldi gegn fötluðum er algengara en gagnvart öðrum þjóðfélagshópum og aðgengi að hjálp er takmarkaðra. Það virðist líka vera erfiðara fyrir fatlað fólk að ná réttlæti í gegnum réttarkerfið, eins og kom skýrt fram í Kastljósþáttum sem sýndir voru 3. og 4. nóvember 2015.

Kristín Jóna sýndi mikið hugrekki þegar hún kom fram í Kastljósinu og gaf leyfi til þess að sagan hennar yrði sögð. Það varpaði ljósi á óásættanlegt óöryggi fatlaðra og varnarleysi gagnvart þeim sem á þeim vilja brjóta. Finna verður leiðir til þess að fatlað fólk njóti sömu verndar og annað fólk, að það sé tekið alvarlega í réttarkerfinu og að vitnisburður þess sé virtur. Stígamót og Sólstafir þakka Kristínu fyrir mikilvægt framlag í baráttunni fyrir réttlæti.

Hugrekkisviðurkenning Stígamóta 2015
**Hanna Þorvaldsdóttir**
Á Stígamótum höfum við undanfarin misseri lagt áherslu á að bæta þjónustu við fatlað fólk. Ofbeldi gegn fötluðum er algengara en gagnvart öðrum þjóðfélagshópum og aðgengi að hjálp er takmarkaðra. Það virðist líka vera erfiðara fyrir fatlað fólk að ná réttlæti í gegnum réttarkerfið, eins og kom skýrt fram í Kastljósþáttum sem sýndir voru 3. og 4. nóvember 2015.

Hanna sýndi mikið hugrekki þegar hún kom fram í Kastljósinu og gaf leyfi til þess að sagan hennar yrði sögð. Það varpaði ljósi á óásættanlegt óöryggi fatlaðra og varnarleysi gagnvart þeim sem á þeim vilja brjóta. Finna verður leiðir til þess að fatlað fólk njóti sömu verndar og annað fólk, að það sé tekið alvarlega í réttarkerfinu og að vitnisburður þess sé virtur. Stígamót þakka Hönnu fyrir mikilvægt framlag í baráttunni fyrir réttlæti.

Réttlætisviðurkenning Stígamóta 2015
**Alma Ómarsdóttir**
Íslandssagan hefur löngum gefið skekkta mynd af þjóðinni. Hún hefur mikið til verið kvenmannslaus og veruleiki kvenna hefur legið í þagnargildi. Það var því mikill fengur að heimildamynd Ölmu Ómarsdóttur „Stúlkurnar á Kleppjárnsreykjum".

Þar er varpað ljósi á einhverjar umfangsmestu njósnir sem vitað er að hafi verið stundaðar á Íslandi á fimmta áratug síðustu

aldar. Myndin vitnar um gróf mannréttindabrot gagnvart ungum stúlkum sem talið var að væru í samskiptum við erlenda hermenn á Íslandi. Þær voru sviptar sjálfræði, þær voru yfirheyrðar og sendar í læknisskoðanir og áttu sér enga verjendur. Allt að frumkvæði íslenskra stjórnvalda. Þær hafa aldrei fengið afsökunarbeiðni eða viðurkenningu á að hafa verið beittar órétti.

Heimildamynd Ölmu afhjúpar sögu þar sem kynfrelsi kvenna er almenningseign en ekki réttur hverrar konu. Hún er til þess fallin að rétta hlut þeirra sem órétti voru beittar og fyrir það ber að þakka.

Sannleiksviðurkenning Stígamóta 2015

**Kamila Modzelewska**

Kynferðisofbeldi tekur á sig ótal birtingarmyndir. Ein af þeim er ofsóknir eða umsátur. Um er að ræða alvarlegt ofbeldi eltihrella sem illa gengur að stöðva. Samfélagið hefur lítið sem ekkert gert til þess að stöðva slíkt ofbeldi, hvort sem það er vilji eða verkfæri sem hefur vantað. Það er óásættanlegt að aðgerðaleysið verði til þess að konur og börn búi við stöðuga og raunverulega ógn.

Kamila sýndi mikið hugrekki með því að koma fram í Kastljósinu og segja sögu sína. Sú frásögn varð til þess að opna augu margra og vonandi verður hún líka til þess að gert verður átak í að ná utanum umsátursástandið sem of margar konur búa við. Fyrir þessa framgöngu vilja Stígamót þakka.

Sannleiksviðurkenning Stígamóta 2015

**Ásdís Viðarsdóttir**

Kynferðisofbeldi tekur á sig ótal birtingarmyndir. Ein af þeim er ofsóknir eða umsátur. Um er að ræða alvarlegt ofbeldi eltihrella sem illa gengur að stöðva. Samfélagið hefur lítið sem ekkert gert til þess að stöðva slíkt ofbeldi, hvort sem það er vilji eða verkfæri sem hefur vantað. Það er óásættanlegt að aðgerðaleysið verði til þess að konur og börn búi við stöðuga og raunverulega ógn.

Ásdís sýndi mikið hugrekki með því að koma fram í Kastljósinu og segja sögu sína. Sú frásögn varð til þess að opna augu margra og vonandi verður hún líka til þess að gert verður átak í að ná utanum umsátursástandið sem of margar konur búa við. Fyrir þessa framgöngu vilja Stígamót þakka.

Réttlætisviðurkenning Stígamóta 2015

**Elsku stelpur**

Vinningsatriði Hagaskóla í Skrekk 2015. Fátt vekur meiri bjartsýni á Stígamótum en valdefldar og sterkar stelpur sem taka sér pláss og nýta það til þess að hafa áhrif á samfélagið. Hagaskólastelpurnar sem unnu árlegu hæfileikakeppni grunnskólanema í Reykjavík, Skrekk árið 2015, sýndu okkur með dansi og ljóðinu hennar Unu Torfadóttur að þeim eru allir vegir færir. Þær krefjast jafnréttis og virðingar og sætta sig ekki við órétt.

Elsku stelpur, áfram með ykkur! Við dáumst að ykkur og hvetjum ykkur til dáða.

Frelsisviðurkenning Stígamóta 2015

**Free the nipple á Íslandi**

Þegar Adda Þóreyjardóttir Smáradóttir birti mynd af brjóstunum á sér á Twitter kom hún af stað byltingu. Hún stóð föst á því að konur ættu að hafa jafnan rétt og karlar til þess að vera berar að ofan. Hugrekki Öddu varð að sameiningartákni kvenna sem deildu myndum af brjóstum sínum, til að mótmæla óréttlæti og kúgun sem mæta konum.

Konur og stelpur tóku skilgreiningarvaldið til sín og sögðu að brjóst og geirvörtur væru ekki kynfæri heldur líffæri, sama á hvaða kyni þau væru. Með þessu vildu konur gengisfella hrelliklám, þar sem brjóstamyndir af þeim hafa verið notaðar til að kúga þær og smána á samfélagsmiðlum. Free the nipple varð að átaki sem náði heimsathygli þar sem samtakamáttur og kraftur kvenna náði nýjum hæðum. Fyrir það vilja Stígamót þakka.

Sýnileikaviðurkenning Stígamóta 2015

**Framlag til Beauty Tips byltingarinnar**

Edda Ýr Garðarsdóttir og Jóhanna Svala Rafnsdóttir tóku Beauty Tips byltinguna skrefinu lengra. Í þeirri byltingu mótmæltu hundruð kvenna þöggun um kynferðisofbeldi með því að deila reynslusögum sínum í lokuðum hópi á Facebook.

Edda Ýr og Jóhanna Svala útbjuggu forsíðumyndir fyrir samfélagsmiðla með það að markmiði að færa byltinguna út í samfélagið. Facebook og Twitter fylltust af appelsínugulum og gulum blöðruköllum sem táknuðu brotaþola kynferðisofbeldis og aðstandendur þeirra. Kynferðisofbeldi varð þannig sýnilegt í samfélaginu öllu, sem of oft lokar á og vill ekki vita af þessu ofbeldi.

Brotaþolar risu upp gegn nauðgunarmenningu og neituðu að láta þagga niður í sér. Átakið náði heimsathygli. Myndirnar vöktu fólk til umhugsunar og gáfu skýr skilaboð til samfélagsins um algengi og alvarleika kynferðisofbeldis.

Grasrótarviðurkenning Stígamóta 2015

**Brynhildur Yrsa Valkyrja Guðmundsdóttir**

Brynhildur er sannkölluð valkyrja sem hefur fundið þann styrk sem brotaþoli býr yfir eftir að hafa lifað af kynferðisofbeldi. Hún hefur nýtt kraftinn til þess að mæta í sjónvarps- og blaðaviðtöl og stundað ýmsan aktívisma í netheimum. Þannig hefur hún mótmælt klámvæðingu og nauðgunarmenningu. Hún fór í sumar á þjóðhátíð í Vestmannaeyjum og kannaði úrræði fyrir brotaþola kynferðisofbeldis. Að auki hefur hún opnað fyrir umræðu um alvarlegar afleiðingar kynferðisofbeldis, til dæmis vændis.

Brynhildur hefur verið óþreytandi og mikilvæg baráttukona gegn kynferðisofbeldi og ómetanlegur málsvari fyrir málaflokkinn. Fyrir það ber að þakka.

Fjölmiðlaviðurkenning Stígamóta 2015

**Hæpið**

Hæpið sýndi í haust tvo afar vandaða þætti á RÚV um kynferðisofbeldi. Í þáttunum, sem ætlaðir eru ungu fólki, var fjallað um þær byltingar sem orðið hafa í íslensku samfélagi og á samfélagsmiðlum á þessu ári og tengjast kynfrelsi kvenna, jafnrétti og baráttu gegn þöggun um kynferðisofbeldi. Það er ómetanlegt að eiga þessa umfjöllun og setja hana í samhengi við brotalamir í réttarkerfinu og þau samfélagslegu viðhorf sem smána brotaþola kynferðisofbeldis. Vonandi mun þetta hvetja ungt fólk til þess að halda áfram að tala saman í sínum hópum um mörk og virðingu í kynlífi – og vinna þannig gegn kynferðisofbeldi.

Við höfum fulla trú á að unga fólkið muni breyta heiminum. Stígamót þakka Hæpinu fyrir framlagið til þess.

# ALÞJÓÐASTARF

STÍGAMÓT ERU VIRKIR ÞÁTTTAKENDUR Í NORRÆNUM, EVRÓPSKUM OG ALÞJÓÐLEGUM SAMTÖKUM. ÞVÍ FYLGIR BÆÐI VINNA, EN FYRST OG FREMST SÚ GÓÐA TILFINNING AÐ VIÐ FYLGJUMST MEÐ STEFNUM OG STRAUMUM, SÉUM UPPLÝST OG LEGGJUM EITTHVAÐ AF MÖRKUM TIL ÞESS AÐ BÆTA HEIMINN.

## Erlendar heimsóknir á Stígamót

Erlendir gestir voru tíðir á Stígamótum. Á hverju ári gerir Bandaríska sendiráðið á Íslandi skýrslu um stöðu mansalsmála. Starfsfólk heimsækir Stígamót og safnar upplýsingum um mansal. Í ár tók Wendy Stancer við sem nýr stjórnmálaerindreki af Dan Katz og óskaði hún eftir kynningarheimsókn.

Nicole Dubus doktor í félagsráðgjöf og sérfræðingur í málefnum flóttamanna óskaði líka eftir móttöku á Stígamótum.

Frá Noregi komu 18 fulltrúar frá samtökum lögfræðinga í heimsókn og vildu kynna sér meðferð kynferðisofbeldis.

Norræna velferðarmiðstöðin sendi til Stígamóta sérfræðinganefnd um málefni fatlaðs fólks. Nefndin er ráðgefandi í málefnum fatlaðs fólks til Norrænu ráðherranefndarinnar. Eitt af viðfangsefnum nefndarinnar er ofbeldi gegn fötluðu fólki. Stígamót buðu Tabú konunum Freyju Haraldsdóttur og Emblu Guðrúnar – Ágústsdóttur að taka þátt í kynningunni.

Nefna má líka að frá Svíþjóð komu kvennasamtökin Kalex í námsferð. Samtök kvenstúdenta komu frá Kanada og fyrirlesarar á RIKK ráðstefnunni í tilefni af 100 ára kosningarétti kvenna fengu fræðslu og erlendir blaðamenn óskuðu eftir upplýsingum og skrifuðu fréttir.

## Fundur Stígamóta með Phumzile Mlambo-Ngcuka framkvæmdastýru UN Women

Stígamótum ásamt Kvenréttindafélaginu var boðið á lokaðan fund með Phumzile framkvæmdastýru UN Women og aðstoðarframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Hún kom til Íslands vegna RIKK ráðstefnunnar sem haldin var í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna í lok oktbóber.

Stígamótakonurnar Guðrún og Steinunn nýttu fundinn til þess að fara yfir erfiðu málin, annars vegar staðgöngumæðrun og hins vegar þær umræður sem átt hafa sér stað innan UN Women um afstöðuna til vændis.

Stígamót líta á staðgöngumæðrun sem misnotkun á líkömum kvenna og leggjast eindregið gegn henni. Varðandi vændisumræðuna, hefur í nokkur ár verið til skjal innan UN Women þar sem lagt er til að samtökin fari sömu leið og Amnesty, þ.e.a.s. leggi til að vændi verði gefið frjálst, svo og rekstur vændishúsa og milliganga um vændi.

Phumzile tók málunum vel, lýsti sig sammála í vændismálunum, en að það þyrfti að taka tillit til ansi margra þátta, þar á meðal mikilvægi þess að Sameinuðu þjóðirnar samræmdu afstöðu sína. Hún sagðist ekki hafa myndað sér skoðun í málefnum staðgöngumæðra. Sæi auðveldlega rök bæði með og á móti banni.

Í kjölfarið tengdi Phumzile Stígamót við Purnu Sen sem leiðir pólitíska starfið hjá UN Women og Lopu Banarjee sem leiðir starfið með frjálsum félagasamtökum. Haldnir voru Skype fundir og óskað var eftir því að Stígamót tækju þátt í stefnmarkandi fundi hjá UN í New York. Vegna skorts á fjármagni varð ekki af þeim fundi.

## Jafnréttisverkefni Þróunarsjóðs EFTA og norsku sjóðanna

Það hefur verið einkennandi fyrir árið að viðamikil jafnréttisverkefni Þróunarsjóðs EFTA og norsku sjóðanna eru í fullum gangi. Noregur hefur varið háum fjárhæðum í jafnréttisstarf í nýju Evrópusambandsríkjunum í Austur Evrópu en einnig í Portúgal og á Spáni. Formlega er Ísland aðili að samstarfinu, en fyrst og síðast er um að ræða norskt fjármagn.

Þau samtök sem sækja um fjármagn í sjóðinn eiga meiri möguleika ef þau vinna í samstarfi við norsk eða íslensk samtök. Þess vegna hefur Stígamótum borist ótal tilboð um samstarf víðs vegar um Evrópu. Langflestum hefur verið hafnað vegna þeirrar gífurlegu vinnu sem þátttakan myndi kosta starfshópinn. En sjóðurinn hefur líka fjármagnað heimsóknir fólks frá þessum löndum til Íslands. Hér verða nefndir flestir þeir hópar sem heimsóttu Stígamót á þessum forsendum.

Frá Póllandi komu félagasamtök á vegum Stefan Batory Foundation, sem leitast við að virkja karla í baráttunni gegn kynferðisofbeldi og pólsku samtökin Feminoteka. Hópur embættismanna frá Vinnu- og félagsmálaráðuneyti Póllands fékk líka fræðslu.

Frá Portúgal kom hópur embættismanna og félagasamtaka í júní. Frá Rúmeníu kom hópur fjármagnaður af Social Development Fund þar á meðal þær Camelia og Alexandra samstarfskonur Stígamóta í þróunarsjóðsverkefninu. Tékknesk félagasamtök fundu líka leiðina til Stígamóta. Á árinu lauk samstarfsverkefni Stígamóta og A.L.E.G í Rúmeníu og samþykkt voru tvö samstarfsverkefni á milli Stígamóta og kvennasamtaka í Króatíu og í Portúgal.

## Ný samstarfsverkefni samþykkt við Króatíu og Portúgal

Zenska soba eða Kvennahúsið í Króatíu mun stýra verkefninu „Nýtt afl í baráttunni gegn ofbeldi gegn konum" í samstarfi við fleiri þarlend kvennasamtök og Stígamót. Fyrir hönd Stígamóta munu Guðrún og Helga taka þátt.

Í Portúgal gerðu samtökin Associação de Mulheres Contra a Violência – AMCV samkomulag við Stígamót um að halda námskeið fyrir fagfólk um kynferðisofbeldi sem ekki hefur verið mikið í umræðu þar í landi og að tala á ráðstefnu fagfólks um sama efni. Verkefnið verður unnið af Guðrúnu og Þórunni.

## Tvö þróunarsjóðsverkefni í Rúmeníu

Stígamót hafa í tvö ár verið í samtarfi við samtökin A.L.E.G í bænum Sibiu í Rúmeníu um tvö verkefni og lauk samstarfinu á árinu.

Annað verkefnið hét „Rjúfum þögnina" og var þríþætt. Í fyrsta lagi fólst það í að skipuleggja og virkja kvennasamtök í Rúmeníu innan málaflokksins, setja nafn á vandamálin og bregðast við þeim. Í öðru lagi stóðu samtökin fyrir mánaðarlegum viðburðum. Haldin var tengslafundur þar sem hugmyndafræðin og aðferðir voru til umræðu og þar kom til íslensk reynsla og þekking. Í þriðja lagi var lagður grunnur að þekkingarbanka eða gagnagrunni til gagns fyrir þátttakendur og jafnframt fyrir almenning.

Hitt verkefnið var stærra og fjallaði um kynferðisofbeldi gegn ungu fólki, vitundarvakningu og að skapa aðstæður fyrir brotaþola til þess að vinna úr reynslu sinni

Hugmyndin var að byggja á tuttugu og fimm ára reynslu Stígamóta, sjálfshjálparhugmyndafræðinni og sjálfshjálparhópunum. Í Rúmeníu er kynferðisofbeldi mun meira tabú en á Íslandi og verkefnið því nýmæli þar í landi. Samstarfskonur leituðust við að setja kynferðisofbeldi á dagskrá, gera það sýnilegt þannig að tekin yrði ábyrgð á því. Vitnuðu þær í ný hegningarlög í Rúmeníu þar sem gert er minna úr alvarleika kynferðisofbeldis en áður.

Þær Anna Þóra og Guðrún voru Stígamótastarfskraftar verkefnisins. Þær hafa nú farið þrjár ferðir til Sibiu og Bucharest og flutt fjölmarga fyrirlestra og setið marga fundi fyrir kvennasamtök, opinbera samstarfsaðila A.L.E.G og stjórnmálafólk í Búkarest.

Verkefnin voru lærdómsrík fyrir Stígamót líka. Menningarmunur á milli landana er nokkur og væntingar ólíkar um samstarfið. Samskiptin voru því þroskandi og lærdómsrík áskorun.

## Stígamót talið fyrirmyndarúrræði í Daphne verkefni um ofbeldi gegn fötluðum konum

Í janúar fór Helga á ráðstefnu í Vín þar sem kynntar voru niðurstöður yfirgripsmikillar rannsóknar á ofbeldi gagnvart fötluðum konum. Þar kynnti hún starf sitt sem sérhæfður stuðningur fyrir fatlaða brotaþola kynferðisofbeldis hjá Stígamótum. Rannsóknin sem verið var að kynna var unnin af Rannsóknasetri í fötlunarfræðum við HÍ í samstarfi við rannsóknastofnanir og Háskóla í Austurríki, Þýskalandi og Bretlandi og var styrkt af Daphne III áætlun Evrópusambandsins. Rannsóknin var tvíþætt og náði bæði til fatlaðra kvenna og til aðila sem starfa með brotaþolum ofbeldis og var verið að rannsaka ofbeldi gagnvart fötluðum konum og aðgengi þeirra að sérhæfðum stuðningi. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar eru Stígamót dæmi um „best practices" eða bestu starfshætti með því að ráða sérstakan starfsmann til að gera starfsemina aðgengilegri og sinna vitundarvakningu um ofbeldi gagnvart fötluðu fólki.

## Söfnun samræmdra upplýsinga um ofbeldi á heimsvísu

Einn af ávöxtunum af því að alþjóðlega kvennaathvarfahreyfingin hefur nú sameinast, er að nú er verið að leitast við að safna tölfræðiupplýsingum um ofbeldi á heimsvísu. Jan Reimer frumkvöðullinn að stofnun samtakanna hefur staðið fyrir upplýsingasöfnuninni síðastliðin 6 ár. Í hverju þátttökulandi hafa kvennasamtökin safnað tölfræðiupplýsingum einn dag á ári. Kannað er hversu margar konur hafa leitað hjálpar, hversu margar fá ekki hjálp, hversu margar eru barnshafandi o.s.frv.

Niðurstöður úr upplýsingasöfnun ársins 2015, liggja enn ekki fyrir þegar ársskýrslan var skrifuð. Fyrir árin 2014-15 leituðu á einum degi 53.230 konur hjálpar með 34.794 börn í 46 löndum.

## Norrænar konur gegn ofbeldi héldu sína 22. ráðstefnu í Stokkhólmi

Að venju hittust kvennaathvarfskonur frá öllum Norðurlöndunum á árlegri ráðstefnu í Stokkhólmi í byrjun september. Þemað var klámvæðing almannarýmis og róttækir feministar fengu hljóðnemana. Þær Julie Bindel og Gail Dines, ásamt fjölda norrænna kvenna héldu erindi.

Það er sannarlega mikilvægt að benda á hvernig netið og samfélagsmiðlarnir hafa verið nýttir til þess að beita stafrænu ofbeldi. Nýjar birtingarmyndir ofbeldis beinast gjarnan að ungu fólki, en fullorðnir hafa oft litla innsýn í þann heim sem unglingarnir hrærast í. Stafrænt ofbeldi þarf að skoða mun betur á Íslandi og leitast við að upplýsa um það og stemma stigu við því.

## Stýrihópur Norrænna kvenna gegn ofbeldi hittist í Osló

Að venju hittust forsvarskonur kvennaathvarfahreyfinganna í desember til þess að skiptast á upplýsingum um það sem er efst á baugi í hverju landi fyrir sig og til þess að leggja drög að ráðstefnuþema næsta árs. Ákveðið var að þema næstu ráðstefnu yrði Istanbúlsáttmálinn sem verkfæri í baráttunni gegn ofbeldi. Sú ráðstefna verður haldin í Kristiansand í Noregi.

## Evrópusambandsráðstefna um frjáls félagasamtök í Lettlandi í mars

Þórunn fór fyrir hönd Stígamóta á ráðstefnu sem boðið var til af Evrópusambandinu til þess að kortleggja starf og mikilvægi frjálsra félagasamtaka.

## Hátíðarræða á 25 ára afmæli Kvinnuhússins í Færeyjum

Þann 1. október átti Kvinnuhúsið í Færeyjum 25 ára afmæli og var haldið upp á það með pompi og prakt. Í Færeyjum lentu stöllur okkar í vandræðum fyrr á árinu þegar bókin „Fifty shades of gray" kom út. Henni var vel tekið í eyjunum og samstarfskonur okkar á Kreppumiðstöðinni í Kvinnuhúsinu vildu liðsstyrk til þess að koma á framfæri þeirri kvenfyrirlitningu og ofbeldi sem bókin réttlætti.

Guðrúnu talskonu Stígamóta var boðið til Færeyja til þess að flytja hátíðarræðuna um klámvæðingu almannarýmis. Henni var boðið í í útvarpsviðtal og mætti í Tíðindastöðina hjá færeyskja Kringvarpinu. Það er alveg einstakt að vera Íslendingur í Færeyjum. Það kom á óvart hversu margir töluðu íslensku og hversu mikillar frænkusemi kona naut. Við þurfum að sýna Færeyingum sömu ræktarsemi.

## 59. Kvennanefndarfundur Sameinuðu þjóðanna í New York

Ellefta árið í röð sótti talskona Stígamóta kvennanefndarfund Sameinuðu þjóðanna í New York í mars. Kvennanefndin hefur það hlutverk að fylgja eftir Pekingáætluninni sem er framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum innan Sameinuðu þjóðanna. Að venju var dagskráin þétt og mikil, þarna hittist alþjóðlega kvennahreyfingin og nýtir tímann vel.

## Stjórnarfundur í alþjóðakvennaathvarfahreyfingunni GNWS

Stígamót eiga fulltrúa í stjórn alþjóða kvennaathvarfahreyfingarinnar sem fundaði í New York á sama tíma og kvennanefndarfundurinn stóð yfir. Lögð voru drög að þriðju alþjóðaráðstefnu kvennaathvarfahreyfingarinnar sem haldin var í Hollandi í nóvember. Einnig voru lögð drög að því hvernig kosið skyldi í varanlega stjórn og aðalfundur undirbúinn.

## „Cool Feminism"

Íslenska sendinefndin bauð upp á dagkrá undir heitinu Cool feminism. Steinunn okkar Gyðu- og Guðjónsdóttir stýrði dagskránni og Eygló Harðardóttir velferðarráðherra opnaði. Guðrún hélt eitt af erindunum, en auk hennar töluðu Irma Erlingsdóttir um jafnréttisskóla Sameinuðu þjóðanna og Hanna Björg Vilhjálmsdóttir sagði frá kennslu í jafnréttisfræðum í framhaldsskólum.

## Nýjar aðgerðir til að tryggja rétt kvenna

Á kvennanefndarfundinum var talskonu Stígamóta boðið að flytja erindi á viðburði sem skipulagður var af UN Women, Sveriges kvinnolobby og sænskum stjórnvöldum. Þar sagði



Íslensk dagskrá á kvennanefndarfundi SÞ

Stígamótakonan frá árangri á Nordisk Forum árið áður og ræddi grasrótarstarf og samstöðu innan íslenskrar og norrænnar kvennahreyfingar.

## Fundur með Shevu Carr vegna leikinnar kvikmyndar um Stóru systur

New York er yfirþyrmandi borg og á meðan á kvennanefndarfundum stendur líkist hún suðupotti. Þá nota kvennasamtök tækifærið til þess að funda og skipuleggja. Sheva Carr sem vinnur að gerð leikinnar kvikmyndar og heimildamyndar um aðgerðir Stóru systur, hitti þær Guðrúnu og Steinunni Gyðu- og Guðjónsdóttur, sem á þeim tíma var við nám í borginni. Hún tók við þær viðtöl og tók sumt af því upp á myndband.




Stjórn alþjóðakvennathvarfahreyfingarinnar

### Rakarastofuráðstefnan í New York
Hjálmari var boðið til New York í janúar með utanríkisráðherra sem hélt ráðstefnu fyrir karla um kynferðisofbeldi. Þar var sjónum beint að fastafulltrúum hjá Sameinuðu þjóðunum. Ráðstefnan var haldin til þess að fagna tuttugu ára afmæli Pekingáætlunarinnar og markmiðið var að virkja karla í umræðum og aðgerðum.

### Karlar og karlmennska í New York
Í tenglslum við kvennanefndarfund Sameinuðu þjóðanna var haldin ráðstefnan „Karlar og Karlmennska". Þangað fór Hjálmar og flutti erindi um starf sitt hér á landi og nýtti sér menntun sína og rannsóknir á karlmennskum.

### WAVE fundur í Vín
Talskona Stígamóta á sæti í ráðgefandi stjórn Samtaka kvennaathvarfa í Evrópu. Fundur var haldinn í Vín á vormánuðum, þar sem höfuðstöðvarnar eru staðsettar. Farið var yfir það mikilvægasta sem er í gangi í hverju landi fyrir sig. Rætt var um aðgerðir næsta árs, alþjóðaráðstefnu kvennaathvarfahreyfingarinnar og hvers konar upplýsingum vert er að safna til þess að kortleggja ástand ofbeldismála í álfunni.

WAVE varð að formlegum samtökum fyrir tæpum tveimur árum. Það var gert vegna þess að til þess að sækja um rekstrarstyrki þurfti að formfesta starfsemina. Það gerðist með örstuttum fyrirvara og ekki vannst tími til þess að kjósa stjórn eða setja lög sem samin höfðu verið af hreyfingunni. Það var óheppilegt og ekki í anda lýðræðis, en síðan hefur ekki verið haldinn aðalfundur.

Stígamót óskuðu eftir því að haldinn yrði aðalfundur þar sem kosið yrði í stjórn samtakanna og lög sett sem kosið hefði verið um. Það þótti ekki sjálfsagt, svo spenna myndaðist og nokkur átök urðu á fundinum. Niðurstaðan var sú að haldinn yrði stuttur aðalfundur í tengslum við ráðstefnu ársins sem haldin var í Hollandi.

### Innlegg um vændi á ráðstefnu ROKS í Svíþjóð
Á vormánuðum var Guðrúnu talskonu Stígamóta boðið Stokkhólms til þess að flyta erindi um þjónustu við konur í vændi. Sænskir feministar hafa gengið á undan með góðu fordæmi í pólitískri baráttu gegn vændi. Þar í landi voru kaup á konum bönnuð árið 1999 á þeim forsendum að kaup á vændi væru birtingarmynd kynferðisofbeldis.

Svíarnir hafa hins vegar ekki lagt mikla áherslu á þjónustu við konur sem beittar hafa verið ofbeldi og nú á að bæta úr því. Athvörfin hafa hug á að bjóða upp á bætta þjónustu sniðna að þörfum kvenna í vændi og vildu heyra um Kristínarhús, Svanahópa og viðtalsþjónustu Stígamóta við konur í vændi.

### Norska kvennaframboðið fékk fræðslu um íslenska kvennabaráttu
Á árinu voru sveitarstjórnakosningar í Noregi. Þar var boðinn fram feministalisti í fyrsta sinn að sænskri og íslenskri fyrirmynd. Þar sem Guðrún hefur bæði starfað fyrir íslenska Kvennalistann og tekið virkan þátt í kvennabaráttu á Íslandi, var henni boðið að flytja erindi fyrir hreyfinguna og gefa ráð í baráttunni. Því miður komust þær ekki að, en ætla að halda ótrauðar áfram og bjóða fram til þings líka.

### Evrópuráðstefna félagsráðgjafa í Edinborg
Í júní var haldin stór Evrópuráðstefna félagsráðgjafa í Skotlandi. Ráðstefnan er haldin á tveggja ára fresti og verður næsta ráðstefna hér á landi árið 2017. Talskonu Stígamóta var boðið af norrænu félagsráðgjafasamtökunum að halda vinnustofu um baráttu kvennahreyfingarinnar á Íslandi og á Norðurlöndunum og hvernig hún tengist störfum félagsráðgjafa.

### Myndband með kveðju til Kvinnefronten í Noregi
Að gamni má geta þess að talskona Stígamóta var beðin að senda rafræna kveðju á ráðstefnu Kvinnefronten i Noregi sem fjallaði um frelsi kvenna.

### Ofbeldisráð European Women´s Lobby fundaði í Litháen
Steinunn fór fyrir hönd Stígamóta á fund í sérfræðingahópi European Women´s Lobby sem eru stærstu regnhlífasamtök innan Evrópusambandsins. Þar báru konar saman stöðuna í Evrópulöndum og lögðu á ráðin um mikilvægustu verkefnin framundan.

### Aðild Stígamóta að regnhlífar- og alþjóðasamtökum og helstu samstarfsaðilar

- Norrænar konur gegn ofbeldi sem eru regnhlífarsamtök norrænna kvennasamtaka sem vinna gegn ofbeldi
- Equality Now!
- WAVE - Women against Violence in Europe með vefsíðuna: www.wave-network.org
- Coalition Against Trafficking in Women sem sérstaklega beita sér gegn þeirri nútíma þrælasölu á konum sem kynlífsiðnaðurinn stundar catw-l@list.web.net
- European´s Womens Lobby, sérfræðingshlutverk í ofbeldismálum innan European Policy Action Centre on Violence Aginst Women http://www.epacvaw.org/
- Global Network of Women´s Shelters: Alþjóðlegur 17 kvenna vinnuhópur sem undirbýr stofnun alþjóðlegra samtaka kvennaathvarfanna í heiminum

# TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

Tölulegar upplýsingar í ársskýrslu Stígamóta eru mikilvægt tæki til þess að lýsa þeim hliðum íslensks samfélags sem birtast í starfsemi Stígamóta. Með söfnun tölulegra upplýsinga í 26 ár búum við yfir mikilli þekkingu um kynbundið ofbeldi, birtingarmyndir þess og afleiðingar, fólkið sem er beitt ofbeldi og ofbeldismennina. Hér fara á eftir þær skilgreiningar á sifjaspellum og nauðgunum sem til viðmiðunar eru við tölfræðilega úrvinnslu í þessari skýrslu.

*Sifjaspell skilgreinum við sem allt kynferðislegt atferli milli einstaklinga, sem tengdir eru tengslum trausts, og þar sem annar aðilinn vill ekki slíkt atferli, en er undirgefinn og háður ofbeldismanninum á einhvern máta.*

*Nauðgun skilgreinum við sem kynferðislegt ofbeldi þar sem einhver þrengir sér eða gerir tilraun til að þrengja sér inn í líkama annarrar manneskju gegn vilja hennar og brýtur þar með sjálfsákvörðunarrétt og sjálfsstjórn hennar á bak aftur.*

Á árinu 2015 leituðu 677 einstaklingar til Stígamóta, af þeim voru 302 einstaklingar sem leituðu aðstoðar vegna eigin mála í fyrsta skipti. Þá voru 57 aðstandendur sem leituðu til Stígamóta og þar af voru 28 með upplýsingar um mál sem ekki voru þekkt hjá Stígamótum fyrir. Þær tölulegu upplýsingar sem hér fara á eftir varðandi árið 2015 miðast við fjölda skýrslna sem fyrir liggja um hvern hóp fyrir sig, þ.e. brotaþola, ofbeldismenn og aðstandendur.

Í þau 26 ár sem liðin eru frá stofnun Stígamóta hafa 7.398 einstaklingar leitað aðstoðar hjá Stígamótum. Jafnframt er þess að geta að ofbeldismennirnir teljast vera 10.589 en eru væntanlega nokkuð færri þar sem einhverjir þeirra hafa beitt fleiri en einn einstakling ofbeldi.

Það vekur athygli að ofbeldismennirnir eru miklu fleiri en þeir sem beittir eru ofbeldi. Sami einstaklingurinn er stundum beittur kynferðisofbeldi af fleiri en einum ofbeldismanni á lífsleiðinni. Einnig sýna tölurnar að einn og sami ofbeldismaðurinn beitir oft fleiri en einn einstakling kynferðisofbeldi.

Í þeim tölulegu upplýsingum sem hér fara á eftir er annars vegar fjallað um starfsárið 2015 og hins vegar er að finna í nokkrum tilvikum samanburð á fimm síðustu starfsárum. Upplýsingar um starfsemina á fyrri starfsárum má nálgast hjá Stígamótum og á vefsíðu Stígamóta, www.stigamot.is.

### Tafla 1. Fjöldi viðtala og einstaklinga árið 2015

| | |
|---|---|
| Ný mál - brotaþolar komu sjálfir[1] | 302 |
| Upplýsingar um ný mál gegnum aðstandendur | 28 |
| Heildarfjöldi ofbeldismanna[2] | 507 |
| Fjöldi nýrra aðstandenda | 57 |
| Heildarfjöldi einstaklinga sem komu í viðtöl | 677 |
| Heildarfjöldi viðtala | 2209 |

Í töflu 1 kemur fram að árið 2015 voru 302 ný mál þar sem brotaþolar sjálfir komu með mál sín til Stígamóta. Þetta er 7,8% aukning slíkra mála frá árinu áður, en þá voru ný mál brotaþola 280. Árið 2015 leituðu jafn margir aðstandendur til Stígamóta borið saman við árið 2014. Þegar ný mál, bæði frá brotaþolum og aðstandendum, eru lögð saman verður heildarfjöldi nýrra mála 330 sem er 24 málum fleiri en á síðasta ári, sem er um 7,8% aukning á milli ára.

Ofbeldismenn eru nú 507, sem er um 12% aukning frá árinu 2014.

Heildarfjöldi einstaklinga sem komu í viðtöl til Stígamóta árið 2015 var 677, sem er um 9,7 % aukning frá árinu 2014 en þá var heildarfjöldi einstaklinga 617.

Heildarfjöldi viðtala árið 2015 var 2.209, sem er um 2,9% aukning frá árinu 2014 en þá var heildarfjöldi viðtala 2.146. Þannig hefur fjöldi viðtala og einstaklinga aukist frá árinu 2014.

Hins vegar hefur fjöldi viðtala og einstaklinga árið 2015 minnkað borið saman við árið 2013. En þess ber að geta að á árinu 2013 varð toppur í fjölda viðtala og einstaklinga sem leituðu til Stígamóta, en á því ári höfðu ekki fleiri einstaklingar leitað til Stígamóta síðan á upphafsárum Stígamóta.

1. Heildarfjöldi nýrra mála var 302 en því miður voru 11 skýrslur ekki fylltar út og því ómarktækar. Þess vegna byggir tölfræði úrvinnsla um brotaþola á 291 skýrslu. Hins vegar lágu fyrir upplýsingar um kyn og í hvaða mánuði brotaþoli kom til Stígamóta í fyrsta skipti í þessum 11 skýrslum sem ekki voru fylltar út, þess vegna er heildarfjöldi mála hærri eða 302 mál í töflu 2 og mynd 2, en öll önnur tölfræði úrvinnsla um brotaþola byggir á þeim 291 skýrslu sem fylltar voru út að öllu leyti.
2. Samanlagður fjöldi ofbeldismanna er 507, bæði ný mál og upplýsingar um ný mál frá aðstandendum. Eins og fram hefur komið vantaði 11 komuskýrslur og þá um leið allar upplýsingar um ofbeldismenn í þeim málum en hér er miðað við einn ofbeldismann fyrir hverja glataða skýrslu (sem er lágmarkstalning). Ekki liggja fyrir upplýsingar um ofbeldismenn þegar ný mál komu til Stígamóta í gegnum aðstandendur, en hér er talinn einn ofbeldismaður fyrir hvert nýtt mál sem upplýsingar fást um hjá aðstandendum (sem er lágmarkstalning). Því er hægt með vissu að segja ofbeldismennirnir hafi verið 507 en hins vegar byggja tölfræðilegar upplýsingar í ársskýrslu þessari á 468 skýrslum sem lágu fyrir um ofbeldismenn. Þess ber að geta að í einhverjum tilfellum gáfu brotaþolar ekki upplýsingar um alla ofbeldismenn. Ástæða þess gat verið til dæmis að þeir vissu ekki hve margir þeir voru eða það átti ekki við, eins og til dæmis í vændis- og mansals-málum.

# Meðferð tölulegra gagna

Líkt og í ársskýrslum síðustu ára eru allar tölfræðilegar upplýsingar í þessari skýrslu unnar út frá spurningalistum sem notendur þjónustunnar fylltu sjálfir út. Þegar upplýsingar eru breyttar vegna nýrra aðferða við gagnasöfnun er þess getið í texta.

Hér fyrir neðan verður gerð grein fyrir tölfræðilegum upplýsingum um brotaþola sem leituðu í fyrsta skipti til Stígamóta árið 2015.

### Tafla 2. Skipting einstaklinganna eftir kyni

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| Karl | 45 | 14,9% |
| Kona | 257 | 85,1% |
| **Alls** | **302** | **100%** |

Tafla 2 sýnir fjölda og hlutfall einstaklinga skipt eftir kyni. Eins og árin á undan leituðu fleiri konur en karlar til Stígamóta árið 2015. Aukning varð þó á fjölda karla sem leituðu til Stígamóta árið 2015 borið saman við árið 2014 (eða um 36,3% aukning milli ára). Hinsvegar fækkaði fjölda karla sem leituðu til Stígamóta um 22,4% borið saman við árið 2013 (árið 2013 leituðu 58 karlar til Stígamóta). En eins og fram hefur komið hér á undan varð toppur í fjölda viðtala og einstaklinga sem leituðu til Stígamóta í fyrsta skipti árið 2013.

### Tafla 3. Þjóðerni brotaþola

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| Íslendingur | 281 | 96,6% |
| Blandað þjóðerni | 1 | 0,3% |
| Frá öðrum löndum | 8 | 2,7% |
| Upplýsingar vantar | 1 | 0,3% |
| **Alls** | **291** | **100%** |

Tafla 3 sýnir að flestir þeir sem komu til Stígamóta árið 2015 voru íslenskir eða 96,6%. Þetta er svipað hlutfall og árin 2008 til 2014.

### Tafla 4. Býr brotaþoli við líkamlega fötlun

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| Nei | 256 | 88,0% |
| Já | 14 | 4,8% |
| Ekki viss | 5 | 1,7% |
| Upplýsingar vantar | 16 | 5,5% |
| **Alls** | **291** | **100%** |

Tafla 4 sýnir að 4,8% þeirra sem komu í fyrsta skipti til Stígamóta árið 2015 bjuggu við líkamlega fötlun. Þetta er svipað hlutfall og árið 2014. Hafa verður þó í huga að þessi tafla gefur okkur einungis vísbendingu um fjölda einstaklinga sem búa við líkamlega fötlun en tekur ekki til allra fatlana.




**Mynd 1. Fjöldi nýrra mála frá upphafi**

Mynd 1 sýnir fjölda einstaklinga sem árlega hafa leitað til Stígamóta undanfarin 26 ár. Fyrstu árin var um uppsafnaðan vanda að ræða. Árið 1993 kom Neyðarmóttaka vegna nauðgana til sögunnar og tók yfir hluta af nauðgunarmálunum. Á árunum 1995-1997 hættu Stígamót að taka á móti börnum og Barnahús var stofnað í nóvember 1998. Mynd 1 sýnir að árið 2015 voru ný mál 330, sem er um 7,8% aukning frá árinu 2014. Mynd 1 sýnir að fjöldi nýrra mála árið 2015 er þó minni en árið 2013 en eins og fram hefur komið hér á undan varð toppur í fjölda viðtala og einstaklinga sem leituðu til Stígamóta í fyrsta skipti árið 2013. Mynd 1 sýnir að fjöldi nýrra mála hefur ekki verið hærri síðan 1994 að undanskildu árinu 2013.




## Mynd 2. Fjöldi nýrra viðtala eftir mánuðum árið 2015

Aðsókn í viðtöl er breytileg á milli ára og mánaða og því erfitt að segja fyrir um vinnuálag ársins. Mynd 2 sýnir að fjöldi nýrra viðtala var hærri á seinni hluta árisins (eða frá maí til desember) borið saman við fyrri hluta ársins. Mynd 2 sýnir að í júlí og september var mest aðsókn í ný viðtöl. Frá maí og fram eftir árinu 2015 varð mikil umfjöllun um kynferðisofbeldi í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum, t.d sögðu margir frá reynslu sinni af kynbundnu ofbeldi á "facebook" hópnum "beauty tips". Þessi umfjöllun gæti mögulega skýrt aukna aðsókn í viðtöl á seinni hluta ársins.

## Tafla 5. Ástæður þess að leitað var til Stígamóta árið 2015

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| Sifjaspell | 125 | 26,9% |
| Nauðgun | 155 | 33,4% |
| Nauðgunartilraun | 39 | 8,4% |
| Klám | 19 | 4,1% |
| Vændi | 5 | 1,1% |
| Kynferðisleg áreitni | 99 | 21,3% |
| Annað | 20 | 4,3% |
| Ekki viss | 2 | 0,4% |
| **Alls** | **464** | **100%** |

Tafla 5 sýnir ástæður þess að einstaklingar leita til Stígamóta árið 2015. Það fólk sem nýtir sér þjónustu Stígamóta kemur gjarnan til þess að vinna úr gömlum áföllum og þau geta verið fleiri en eitt. Þess vegna eru ástæður komu fleiri en einstaklingarnir (291).

Eins og tafla 5 sýnir eru nauðgun, nauðgunartilraun og sifjaspell um 68,7% þeirra ástæðna sem tilgreindar eru sem ástæða komu á Stígamót. Athygli vekur hve margir leita til Stígamóta vegna kynferðislegrar áreitni eða um 21,3%.




## Mynd 3. Ástæður þess að leitað var til Stígamóta árið 2015

## Um klám og vændi

Einstaklingar hafa leitað sér hjálpar vegna klámnotkunar maka/sambýlisfólks síns sem hefur misboðið þeim á ýmsa vegu. Aðrir hafa orðið fyrir því að teknar hafa verið myndir af þeim í kynlífsathöfnum með eða án þeirra vilja og þeim síðan dreift eða hótað að þeim verði dreift. Það voru 19 einstaklingar (3 karlar og 16 konur) sem leituðu til Stígamóta í fyrsta skipti árið 2015 vegna kláms, þetta eru 2 færri einstaklingar en leituðu til Stígamóta vegna kláms árið 2014. Árið 2015 leituðu 5 einstaklingar (2 karlar og 3 konur) til Stígamóta í fyrsta skipti vegna vændis, þetta eru færri einstaklingar en leituðu til Stígamóta vegna vændis árið 2014 en þá voru þeir 8.

Vitað er að árið 2015 voru einnig í viðtölum meðal annars vegna vændis og/eða kláms, um 10 einstaklingar (allt konur) sem leituðu í fyrsta skipti til Stígamóta fyrir árið 2015. Þessir einstaklingar höfðu því fylgt okkur á milli ára. Það sama hefur sýnt sig hjá Stígamótum og hjá erlendum systursamtökum að það tekur langan tíma að vinna úr þeirri ofbeldisreynslu sem vændi er. Mikilvægt er að hafa í huga við túlkun niðurstaðna að vændi er oft falið vandamál og oft koma upplýsingarnar um það ekki í ljós fyrr en eftir margra mánaða viðtöl. Skráningar fara hins vegar fram eftir fyrstu viðtöl og upplýsingar um það vantar því í einhverjum tilvikum.




Mynd 4 sýnir ástæður fyrir komu einstaklinga til Stígamóta síðustu fimm árin. Hlutfallið í myndinni miðast við þau tilvik þar sem einstaklingar tilgreindu sifjaspell, nauðgun, nauðgunartilraun, kynferðislega áreitni, klám og vændi sem ástæðu komu hvert ár. Eins og sést á mynd 4 tilgreindu flestir einstaklingar nauðgun sem ástæðu komu og næst flestir tilgreindu sifjaspell sem ástæða komu síðastliðin fimm ár. Einnig var kynferðisleg áreitni oft tilgreind sem ástæða komu.

### Mynd 4. Samanburður milli ára á ástæðum þess að leitað var til Stígamóta

### Tafla 6 a/b. Aldur fólks þegar aðstoðar var leitað og þegar ofbeldið var framið árið 2015

#### 6a. Aldur er aðstoðar er leitað

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| 11 - 17 ára | 5 | 1,7% |
| 18 - 29 ára | 149 | 51,2% |
| 30 - 39 ára | 67 | 23,0% |
| 40 - 49 ára | 35 | 12,0% |
| 50 - 59 ára | 19 | 6,5% |
| 60 ára og eldri | 12 | 4,1% |
| Upplýsingar vantar | 4 | 1,4% |
| **Alls** | **291** | **100%** |

#### 6b. Aldur er ofbeldi er framið

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| 0 - 4 ára | 21 | 7,2% |
| 5 - 10 ára | 78 | 26,8% |
| 11 - 17 ára | 108 | 37,1% |
| 18 - 29 ára | 62 | 21,3% |
| 30 - 39 ára | 4 | 1,4% |
| 40 - 49 ára | 2 | 0,7% |
| 50-59 ára | 3 | 1,0% |
| Ekki viss | 7 | 2,4% |
| Upplýsingar vantar | 6 | 2,1% |
| **Alls** | **291** | **100%** |

Tafla 6a sýnir aldur fólks þegar það leitaði til Stígamóta og tafla 6b sýnir aldur þess þegar ofbeldið hófst eða þegar það var fyrst beitt ofbeldi. Rúmur helmingur þeirra sem nýttu sér þjónustu Stígamóta árið 2015 voru á aldrinum 18-39 ára eða 74,2%, en ofbeldið hófst hins vegar fyrir 18 ára aldur hjá 71,1% og eru þetta samskonar niðurstöður og ársskýrslur áranna 2012 til 2014 hafa sýnt.




**Mynd 5. Samanburður á aldri einstaklinga þegar leitað var aðstoðar og aldri þeirra þegar ofbeldið var framið árið 2015**

Mynd 5 sýnir annars vegar aldur einstaklinga þegar leitað var til Stígamóta og hins vegar aldur þeirra þegar ofbeldið var fyrst framið og miðast upplýsingarnar við árið 2015. Tekið skal fram að 5 einstaklingar voru yngri en 18 ára þegar aðstoðar var leitað. Það er eftirtektarvert að nokkur tími líður frá því að ofbeldið á sér stað þar til fólk leitar sér hjálpar. Samskonar niðurstöður koma fram í tölum Stígamóta frá fyrri árum. Ein af þeim áskorunum sem Stígamót standa frammi fyrir er að vinna að því að stytta tímann sem fólk lætur líða frá því að brotið er gegn því og þar til það leitar sér hjálpar.

# Frekari upplýsingar um félagslegar aðstæður einstaklinga

Allar upplýsingar um félagslegar aðstæður einstaklinga miðast við upplýsingar um brotaþola úr komuskýrslum (291 skýrsla).




**Mynd 6. Hjúskaparstaða**




## Mynd 7a. Menntun




## Mynd 7b. Atvinna

Myndir 7a og 7b hér að framan bera með sér að starfs- og menntunarlegur bakgrunnur þeirra sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi er margbreytilegur. Tölur ársins 2015 sýna líkt og tölur fyrir árin 2010-2014 að margir eru við nám en hlutfallslega flestir eru í fullu starfi.

## Tafla 7. Sveitarfélag þar sem ofbeldið átti sér stað, skipt eftir tegund ofbeldis

| | Sifjaspell | Nauðgun | Nauðgunar-tilraun | Klám | Vændi | Kynferðis-leg áreitni | Annað |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | 20,6% | 39,9% | 39,5% | 33,3% | 37,5% | 36,4% | 36,4% |
| Annað höfuðborgarsvæði | 19,1% | 14,6% | 15,8% | 27,8% | 62,5% | 16,8% | 22,7% |
| Utan höfuðborgarsvæðis | 51,5% | 35,4% | 36,8% | 33,3% | 0,0% | 35,5% | 36,4% |
| Erlendis | 4,4% | 7,9% | 7,9% | 5,6% | 0,0% | 10,3% | 0,0% |
| Ekki viss | 4,4% | 2,2% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,9% | 4,5% |
| **ALLS** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** |
| Fjöldi tilvika | (136) | (178) | (38) | (18) | (8) | (107) | (22) |




## Mynd 8. Sveitarfélag þar sem ofbeldið átti sér stað, skipt eftir tegund ofbeldis

Í töflu 7 og mynd 8 er greint frá í hvaða sveitarfélagi ólíkar tegundir ofbeldis áttu sér stað. Í hverjum brotaflokki fyrir sig eru staðirnir sem nefndir eru fleiri en einstaklingarnir sem orðið hafa fyrir ofbeldinu, skýringin á þessu er sú að ofbeldi var beitt á fleiri en einum stað hjá sumum einstaklingum. Hlutfallið í töflu 7 og mynd 8 miðast við heildarfjölda tilvika þar sem ofbeldi átti sér stað í hverjum brotaflokki. Tafla 7 og mynd 8 sýna að kynferðis-ofbeldi á sér ekki landfræðileg mörk. Tafla 7 og mynd 8 sýna að hæsta hlutfall tilgreindra nauðgana, nauðg-anatilrauna, kláms, vændis, kynferðislegrar áreitni og annarskonar kynferðisofbeldis átti sér stað á höfuðborgar-svæðinu. Þetta er í samræmi við það að flestir sem leita til Stígamóta búa á höfuðborgarsvæðinu.




## Mynd 9. Búseta þeirra sem leituðu til Stígamóta árið 2015

Á mynd 9 má sjá búsetu fólks þegar það leitaði til Stígamóta. Um 74,4% þeirra einstaklinga sem leituðu til Stígamóta árið 2015 bjuggu á höfuðborgarsvæðinu og er það fyrst og fremst sá hópur sem hefur verulegt gagn af starfi Stígamóta. Úr þessum hópi eru flest þeirra sem nýta sér viðtöl í langan tíma og hafa möguleika á að taka þátt í starfi sjálfshjálparhópanna. Þá eru margir sem leggja á sig löng ferðalög til að koma í viðtöl. Þá er einnig boðið upp á símaviðtöl sem landsbyggðarfólk hefur nýtt sér. Verkefnið „Stígamót á staðinn" opnaði möguleika fyrir þá sem búa á Egilsstöðum og nágrenni Egilsstaða og Patreksfirði og nágrenni Patreksfjarðar að nýta sér þjónustu Stígamóta á sínu heimasvæði. Ein starfskona Stígamóta hefur verið með regluleg viðtöl á Egilsstöðum frá árinu 2012 og önnur starfskona hefur verið með regluleg viðtöl á Patreksfirði frá janúar árið 2015.

## Tafla 8. Búseta; samanburður milli ára

| | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | 46,4% | 48,5% | 51,4% | 53,1% | 48,5% | 141 |
| Kópavogur | 7,6% | 4,9% | 7,4% | 8,7% | 10,0% | 29 |
| Hafnarfjörður | 7,9% | 6,8% | 6,2% | 7,6% | 7,6% | 22 |
| Seltjarnarnes | 1,4% | 0,4% | 0,6% | 1,1% | 2,1% | 6 |
| Garðabær | 4,3% | 3,0% | 5,9% | 2,5% | 4,5% | 13 |
| Mosfellsbær | 5,0% | 3,8% | 1,9% | 0,4% | 1,7% | 5 |
| Önnur landsbyggð | 24,4% | 27,3% | 22,3% | 21,7% | 22,0% | 64 |
| Erlendis | 2,2% | 1,1% | 3,7% | 0,7% | 2,7% | 8 |
| Uppl.vantar | 0,7% | 4,2% | 0,6% | 4,3% | 1,0% | 3 |
| **Fjöldi** | **278** | **264** | **323** | **277** | **291** | |

Í töflu 8 er yfirlit yfir búsetu fólks árin 2011 til 2015. Árið 2015 var hlutfall þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu 74,4% og er það svipað hlutfall og árin 2013 til 2014. Árið 2015 var hlutfall þeirra sem búa úti á landi og leituðu til Stígmóta einnig svipað og árið 2014.

# Um ofbeldisverkin

### Tafla 9. Hve lengi stóðu sifjaspellin?

| | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Eitt skipti | 16,8% | 22,7% | 18,2% | 15,8% | 21 | 18,3% |
| Innan við 1 ár | 20,8% | 13,6% | 21,2% | 23,8% | 24 | 20,9% |
| 1-5 ár | 38,4% | 34,8% | 31,4% | 32,7% | 38 | 33,0% |
| 6 ár eða lengur | 15,2% | 12,1% | 15,3% | 11,9% | 8 | 7,0% |
| Óvíst | 8,8% | 16,7% | 13,9% | 15,8% | 24 | 20,9% |
| **Alls fjöldi** | **125** | **132** | **137** | **101** | **115** | |




### Mynd 10. Samanburður á milli ára

Tölunum um hve lengi sifjaspellin stóðu yfir ber að taka með varúð. Það reynist fólki oft erfitt að tímasetja ofbeldið nákvæmlega og þær tölur um tímalengd sem hér eru nefndar eru varlega áætlaðar. Augljóst er að sifjaspell eru ofbeldi sem er oft viðvarandi í mörg ár. Mynd 10 lýsir samanburði á milli ára. Öll árin kemur fram að í um og yfir 40% tilfella standa sifjaspellin yfir í eitt ár eða lengur.

### Tafla 10. Mismunandi birtingarmyndir nauðgana

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| Nauðgun | 140 | 80,0% |
| Hópnauðgun | 11 | 6,3% |
| Lyfjanauðgun | 13 | 7,4% |
| Annað | 6 | 3,4% |
| Ekki viss | 5 | 2,9% |
| **Alls** | **175** | **100%** |

Heildarfjöldi nauðgana í töflu 10 er 140 en ekki 155 eins og fjöldi nauðgana í ástæðum þess að leitað var til Stígamóta. Ástæðan er að í tölunum er tekið tillit til þess að hver einstaklingur getur merkt við fleiri en eina tegund nauðgunar.

Með öðru er átt við nauðganir sem ekki falla undir aðrar skilgreiningar nauðgunar sem settar eru fram í töflunni. Af þeim 11 einstaklingum sem nefndu hópnauðgun var einn karl og þeir 13 einstaklingar sem nefndu lyfjanauðgun voru allt konur. Í fimm tilfellum hópnauðgana voru tveir ofbeldismenn, í tveimur tilfellum voru ofbeldismennirnir þrír og í einu tilfelli voru ofbeldismennirnir 5. Í 3 tilfellum vantaði upplýsingar um fjölda ofbeldismanna.




## Mynd 11. Þvingunaraðferðir við beitingu ofbeldis

Á mynd 11 er yfirlit yfir það hvort og þá hvaða þvingunaraðferðum hafi verið beitt við ofbeldið. Þessi mynd á við allar birtingarmyndir kynferðislegs ofbeldis. Þessi mynd er sett fram með öðrum hætti árið 2015 borið saman við ársskýrslur fyrri ára. Bætt var við 1 nýjum svarmöguleika um þvingunaraðferðir við beitingu ofbeldis, það er : „ekkert af ofangreindu". Hlutfallið í myndinni miðast við heildarfjölda ofbeldismanna (468), upplýsingar um hvaða þvingunaraðferðum var beitt vantaði hjá 111 ofbeldismönnum (23,7%). Á mynd 11 má sjá að í 42,3% tilfella var engum af ofangreindum þvingunaraðferðum beitt. Einnig má sjá á mynd 11 að í 17,5 % tilfella var hótunum beitt og líkamsmeiðingum var beitt í 12,2% tilfella. Þetta sýnir að hluta til alvarleika brotanna en um leið er rétt að ítreka að kynferðisofbeldi er í sjálfu sér ofbeldi og þvingun og er mjög alvarlegt þó hér séu gefnar upplýsingar um sérstakar þvingunaraðferðir sem stundum er beitt til viðbótar við kynferðisofbeldið sjálft.

## Tafla 11. Hvar kynferðisofbeldið átti sér stað, skipt eftir tegund ofbeldis

| | Sifjaspell | | Nauðgun | | Nauðgunar-tilraun | | Klám | | Vændi | | Kynferðis-leg áreitni | | Annað | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| Á sameiginlegu heimili | 36 | 24,2 | 19 | 9,8 | 6 | 14,6 | 9 | 56,3 | - | - | 16 | 10,5 | 9 | 24,3 |
| Á heimili ofbeldismannsins | 52 | 34,9 | 73 | 37,8 | 11 | 26,8 | 3 | 18,8 | 2 | 22,2 | 23 | 15,1 | 5 | 13,5 |
| Á heimil brotaþola | 19 | 12,8 | 17 | 8,8 | 5 | 12,2 | 2 | 12,5 | 1 | 11,1 | 17 | 11,2 | 2 | 5,4 |
| Í heimahúsi | 11 | 7,4 | 29 | 15,0 | 6 | 14,6 | 1 | 6,3 | 2 | 22,2 | 10 | 6,6 | 3 | 8,1 |
| Á vinnustað | 1 | 0,7 | 1 | 0,5 | 1 | 2,4 | - | - | - | - | 20 | 13,2 | 1 | 2,7 |
| Á eða við skemmtistað | - | - | 7 | 3,6 | 2 | 4,9 | - | - | - | - | 15 | 9,9 | 2 | 5,4 |
| Á útihátíð | - | - | 12 | 6,2 | 2 | 4,9 | - | - | - | - | 3 | 2,0 | 1 | 2,7 |
| Í tómstundum eða íþróttastarfi | 1 | 0,7 | 1 | 0,5 | 1 | 2,4 | - | - | - | - | 4 | 2,6 | 2 | 5,4 |
| Á opinberri stofnun | 3 | 2,0 | 5 | 2,6 | 1 | 2,4 | - | - | - | - | 13 | 8,6 | 3 | 8,1 |
| Utandyra | 15 | 10,1 | 9 | 4,7 | 5 | 12,2 | - | - | 2 | 22,2 | 18 | 11,8 | 3 | 8,1 |
| Á internetinu | - | - | - | - | - | - | 1 | 6,3 | - | - | 6 | 3,9 | 1 | 2,7 |
| Annað | 7 | 4,7 | 14 | 7,3 | 1 | 2,4 | - | - | 2 | 22,2 | 5 | 3,3 | 3 | 8,1 |
| Ekki viss | 4 | 2,7 | 6 | 3,1 | - | - | - | - | - | - | 2 | 1,3 | 2 | 5,4 |
| **Alls** | **149** | **100** | **193** | **100** | **41** | **100** | **16** | **100** | **9** | **100** | **152** | **100** | **37** | **100** |




**Mynd 12. Hvar kynferðisofbeldið átti sér stað, skipt eftir tegund ofbeldis**

Tafla 11 og mynd 12 greina frá hvar ólíkar tegundir ofbeldis áttu sér stað. Árið 2015 var bætt var við 1 nýjum svarmöguleika um hvar kynferðisofbeldið átti sér stað, það er: „á internetinu“. Í hverjum brotaflokki fyrir sig eru staðirnir sem nefndir eru fleiri en einstaklingarnir sem orðið hafa fyrir ofbeldinu. Skýringin á þessu er sú að ofbeldi var beitt á fleiri en einum stað hjá sumum einstaklingum. Hlutfallið í töflu 11 og mynd 12 miðast við heildarfjölda tilvika þar sem ofbeldi átti sér stað í hverjum brotaflokki.

Fram kemur í töflu 11 og mynd 12 að sifjaspell á sér oftast stað á heimili ofbeldismanns, á heimili þess sem er beittur ofbeldinu eða á sameiginlegu heimili brotaþola og ofbeldismanns, samtals í um 71,9 % tilfella. Þetta eru svipuð hlutföll og komu fram í ársskýrslum áranna 2013 og 2014. Nauðganir og nauðgunartilraunir eiga sér oftast stað á heimili ofbeldismanns, á heimili þess sem er beittur ofbeldinu, sameiginlegu heimili brotaþola og ofbeldismanns og í heimahúsi, nauðganir í 71,4,% tilvika og nauðgunartilraunir í 68,2 % tilvika (sjá töflu 11). Þessi hlutföll nauðgana og nauðganatilrauna eru einnig svipuð hlutföll og komu fram í ársskýrslum áranna 2013 og 2014. Einnig er athyglisvert að kynferðisleg áreitni á sér stað utan heimila í 55,3% tilvika (sjá töflu 11 og mynd 12) og eru það einnig svipað hlutfall og fram kom í ársskýrslu ársins 2014. Athyglisvert er að í 55,5% tilvika átti vændi sér stað á heimili ofbeldismanns, heimili brotaþola eða í heimahúsi.

Í dálkinum sem merktur er „annað“ getur verið um að ræða staði eins og bifreiðar eða á stöðum sem ekki falla undir aðrar skilgreiningar í töflunni.

## Tafla 12. Hverjum hefur brotaþoli sagt frá, skipt eftir tegund ofbeldis

| | Sifjaspell | | Nauðgun | | Nauðgunar-tilraun | | Klám | | Vændi | | Kynferðis-leg áreitni | | Annað | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| Engum sagt frá ofbeldinu | 4 | 3,2 | 8 | 5,2 | 7 | 17,9 | 6 | 31,6 | 1 | 20,0 | 6 | 6,1 | - | - |
| Sagt maka frá ofbeldinu | 66 | 52,8 | 62 | 40,0 | 11 | 28,2 | 4 | 21,1 | 1 | 20,0 | 32 | 32,3 | 6 | 30,0 |
| Sagt móður frá ofbeldinu | 61 | 48,8 | 66 | 42,6 | 12 | 30,8 | 2 | 10,5 | 1 | 20,0 | 30 | 30,3 | 6 | 30,0 |
| Sagt föður frá ofbeld-inu | 31 | 24,8 | 35 | 22,6 | 6 | 15,4 | - | - | - | - | 14 | 14,1 | 4 | 20,0 |
| Sagt öðrum í fjölskyld-unni frá ofbeldinu | 54 | 43,2 | 50 | 32,3 | 6 | 15,4 | 2 | 10,5 | 1 | 20,0 | 30 | 30,3 | 5 | 25,0 |
| Sagt vinkonu/vini frá ofbeldinu | 79 | 63,2 | 119 | 76,8 | 18 | 46,2 | 7 | 36,8 | 2 | 40,0 | 55 | 55,6 | 13 | 65,0 |
| Sagt fagaðila frá ofbeldinu | 68 | 54,4 | 65 | 41,9 | 11 | 28,2 | 4 | 21,1 | 1 | 20,0 | 36 | 36,4 | 7 | 35,0 |
| Sagt öðrum frá ofbeldinu | 12 | 9,6 | 5 | 3,2 | 2 | 5,1 | - | - | 1 | 20,0 | 9 | 9,1 | - | - |
| Óvíst hverjum hefur verið sagt frá ofbeldinu | 1 | 0,8 | 5 | 3,2 | - | - | 1 | 5,3 | - | - | 3 | 3,0 | - | - |
| Upplýsingar vantar | 7 | 5,6 | 7 | 4,5 | 6 | 15,4 | 4 | 21,1 | 2 | 40,0 | 20 | 20,2 | 3 | 15,0 |
| **Fjöldi einstaklinga** | **125** | | **155** | | **39** | | **19** | | **5** | | **99** | | **20** | |




## Mynd 13. Hverjum hefur brotaþoli sagt frá, skipt eftir tegund ofbeldis

Tafla 12 og mynd 13 greina frá hverjum brotaþoli hefur sagt frá ofbeldinu. Hlutfallið í töflunni og myndinni miðast við hvern brotaflokk og fjölda þeirra einstaklinga sem nefndu að þeir hefðu orðið fyrir slíku broti. Þá er mikilvægt að taka fram að samanlagður fjöldi töflu 12 og mynd 13 er hærri en fjöldi einstaklinga í hverjum brotaflokki þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt atriði.

Eins og sést í töflu 12 hefur um eða yfir helmingur einstaklinga sem orðið hafði fyrir sifjaspelli, nauðgun, nauðgunartilraun, kynferðislegri áreitni og öðru kynferðisofbeldi sagt vinkonu/vini frá ofbeldinu.




## Mynd 14. Erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis

Í mynd 14 eru sýndar þær afleiðingar kynferðisofbeldis sem oftast eru nefndar í viðtölum.

Hlutfallið í myndinni miðast við heildarfjölda einstaklinga (291). Upplýsingar um afleiðingar vantaði frá 2,1 % (6) af heildarfjölda einstaklinga. Í súluritinu er getið um „svipmyndir“. Hér getur verið um að ræða myndir eða minningar tengdar kynferðisofbeldinu sem skjóta skyndilega og án fyrirvara upp í hugann og valda einstaklingum miklu hugarangri. Mynd 14 sýnir að hlutfallslega flestir nefndu depurð, kvíða, skömm, lélega sjálfsmynd og sektarkennd. Þetta eru sambærilegar niðurstöður og fram hafa komið í ársskýrslum áranna 2011 til 2014. Fimm einstaklingar eða 1,7% nefndu vændi sem afleiðingu, og eru það jafn margir og tilgreindu vændi sem ástæðu komu eins og sést í töflu 5. Hafa verður í huga að einstaklingur getur tilgreint annað ofbeldi sem ástæðu komu en merkt svo við vændi sem afleiðingu. Og er því ekki alltaf samræmi í fjölda einstaklinga sem nefnir vændi sem ástæðu komu og fjölda einstaklinga sem nefnir vændi sem afleiðingu.




Hlutfallið í mynd 15 miðast við heildarfjölda einstaklinga (291), af þeim vantaði upplýsingar frá 11 eða (3,8%). Í myndinni sést að um 39,5% einstaklinga töldu að ekkert af ofangreindu hafi skert lífsgæði eða truflað daglegt líf. Rúmlega fjórðungur taldi að neysla áfengis sem afleiðing kynferðisofbeldis hafi skert lífsgæði þeirra og truflað daglegt líf. Þetta eru sambærilegar niðurstöður og fram hafa komið í ársskýrslum áranna 2013 og 2014.

## Mynd 15. Neysla eða athafnir sem skerða lífsgæði og trufla daglegt líf

### Tafla 13. Sjálfsvígstilraunir

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| Nei | 210 | 72,2% |
| Já | 70 | 24,1% |
| Upplýsingar vantar | 11 | 3,8% |
| **Alls** | **291** | **100%** |




Eins og tafla 13 og mynd 16 sýna höfðu 70 einstaklingar eða 24,1% af þeim sem leituðu til Stígamóta árið 2015 gert eina eða fleiri tilraunir til sjálfsvíga. En eins og sést í töflu 14 hér fyrir neðan hefur hlutfall þeirra sem gert hafa eina eða fleiri tilraunir til sjálfsvíga verið á bilinu 16 til 24% á árunum 2011 til 2015.

### Mynd 16. Sjálfsvígstilraunir

### Tafla 14. Sjálfsvígstilraunir, fleiri ár

| | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 |
|---|---|---|---|---|---|
| Já | 16,2% | 21,6% | 22,0% | 24,2% | 24,1% |
| Nei | 68,7% | 60,2% | 66,9% | 65,0% | 72,2% |
| **Fjöldi[3]** | **236** | **216** | **287** | **247** | **280** |

# Kynjamunur

### Tafla 15. Ástæður þess að leitað var til Stígamóta árið 2015, skipt eftir kyni

| | Kona | | Karl | |
|---|---|---|---|---|
| | **Fjöldi** | **Hlutfall %** | **Fjöldi** | **Hlutfall %** |
| Sifjaspell | 98 | 39,0 | 27 | 67,5 |
| Nauðgun | 144 | 57,4 | 11 | 27,5 |
| Nauðgunartilraun | 33 | 13,1 | 6 | 15,0 |
| Klám | 16 | 6,4 | 3 | 7,5 |
| Vændi | 3 | 1,2 | 2 | 5,0 |
| Kynferðisleg áreitni | 83 | 33,1 | 16 | 40,0 |
| Annað | 17 | 6,8 | 3 | 7,5 |
| Ekki viss | 2 | 0,8 | 0 | 0,0 |
| **Fjöldi einstaklinga** | **251** | | **40** | |

Hlutfallið í töflu 15 miðast við þá 40 karla og 251 konur sem nefndu að þau hefðu orðið fyrir tilteknu broti. Það fólk sem nýtir sér þjónustu Stígamóta kemur gjarnan til þess að vinna úr gömlum áföllum og þau geta verið fleiri en eitt. Þess vegna eru ástæður komu fleiri en fjöldi karla og kvenna sem tilgreindur er í töflunni. Tafla 15 sýnir að hæsta hlutfall karla leitaði til Stígamóta meðal annars vegna sifjaspells og hæsta hlutfall kvenna leitaði til Stígamóta meðal annars vegna nauðgana. Þetta eru sambærilegar niðurstöður og fram kom í ársskýrslu ársins 2014.

3. Athuga verður að fjöldi einstaklinga nær eingöngu til þeirra sem svöruðu með já eða nei en ekki þegar svarið var óvíst eða upplýsingar vantaði. Hlutfallið miðast hins vegar við heildarfjölda einstaklinga.

## Tafla 16. Erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis, skipt eftir kyni

| | Kona | | Karl | |
|---|---|---|---|---|
| | **Fjöldi** | **Hlutfall %** | **Fjöldi** | **Hlutfall %** |
| Depurð | 212 | 85,8 | 31 | 81,6 |
| Kvíði | 215 | 87,0 | 26 | 68,4 |
| Skömm | 207 | 83,8 | 32 | 84,2 |
| Léleg sjálfsmynd | 196 | 79,4 | 30 | 78,9 |
| Sektarkennd | 184 | 74,5 | 29 | 76,3 |
| Svipmyndir | 170 | 68,8 | 22 | 57,9 |
| Erfið tengsl við maka/vini | 159 | 64,4 | 24 | 63,2 |
| Ótti | 154 | 62,3 | 27 | 71,1 |
| Reiði | 137 | 55,5 | 31 | 81,6 |
| Einangrun | 142 | 57,5 | 26 | 68,4 |
| Tilfinningalegur doði | 135 | 54,7 | 25 | 65,8 |
| Erfitt með einbeitingu | 130 | 52,6 | 25 | 65,8 |
| Kynlíf erfitt | 134 | 54,3 | 13 | 34,2 |
| Erfiðleikar í öðrum félagslegum samskiptum | 123 | 49,8 | 21 | 55,3 |
| Sjálfsvígshugleiðingar | 85 | 34,4 | 23 | 60,5 |
| Hegðunarerfiðleikar | 68 | 27,5 | 11 | 28,9 |
| Sjálfssköðun | 57 | 23,1 | 15 | 39,5 |
| Kynferðisleg hegðun | 55 | 22,3 | 10 | 26,3 |
| Átröskun | 53 | 21,5 | 8 | 21,1 |
| Líkamlegir verkir | 52 | 21,1 | 8 | 21,1 |
| Vændi | 4 | 1,6 | 1 | 2,6 |
| Annað | 3 | 1,2 | 1 | 2,6 |
| Engar afleiðingar | 1 | 0,4 | 0 | 0,0 |
| Ekki viss | 6 | 2,4 | 0 | 0,0 |
| **Fjöldi einstaklinga** | **247** | | **38** | |




## Mynd 17. Erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis, skipt eftir kyni

Hlutfallið í töflu 16 og mynd 17 miðast við þá 38 karla og 247 konur sem tilgreindu hvaða afleiðingar þau hafa glímt við. Upplýsingar um afleiðingar vantaði hjá 6 einstaklingum og teljast þeir ekki með. Einstaklingar greina oft frá mörgum afleiðingum í kjölfar kynferðisofbeldis og þess vegna er fjöldi tilgreindra afleiðinga hærri en fjöldi karla og kvenna sem tilgreindur er í töflunni.

Við lestur og túlkun töflu 16 og myndar 17 er mikilvægt er að hafa í huga að fjöldi karla er aðeins 38. Fram kemur að karlar og konur nefna svipaðar afleiðingar. Um eða yfir 80 % kvenna og karla nefna depurð, skömm og lélega sjálfsmynd sem afleiðingar kynferðisofbeldis. Einnig var athyglisvert að hærra hlutfall karla nefnir reiði borið saman við konur eða 81,6% karla. Þessar niðurstöður eru í samræmi við rannsókn sem Særún Ómarsdóttir (2014)[4] gerði á gögnum Stígamóta frá árunum 2011 til 2013. Þar kom fram að karlar og konur glíma við svipaðar afleiðingar í kjölfar ofbeldis. Í rannsókn Særúnar Ómarsdóttur (2014) kom fram að um eða yfir 80% kvenna og karla nefndu depurð, skömm og lélega sjálfsmynd. Einnig kom fram í rannsókn Særúnar Ómarsdóttur (2014) að karlar nefndu reiði oftar borið saman við konur.

Athyglisvert er að samkvæmt töflu 16 og mynd 17 nefndi hærra hlutfall karla sjálfsvígshugleiðingar borið saman við konur eða 60,5% karla. Einnig er athyglisvert að hærra hlutfall kvenna nefnir kvíða borið saman við karla.

## Tafla 17. Neysla eða athafnir sem skerða lífsgæði og trufla daglegt líf, skipt eftir kyni

| | Kona | | Karl | |
|---|---|---|---|---|
| | **Fjöldi** | **Hlutfall %** | **Fjöldi** | **Hlutfall %** |
| Ekkert af þessu | 109 | 44,9 | 6 | 16,2 |
| Áfengi | 61 | 25,1 | 18 | 48,6 |
| Önnur vímuefni | 41 | 16,9 | 17 | 45,9 |
| Matur | 46 | 18,9 | 7 | 18,9 |
| Kynlíf | 24 | 9,9 | 5 | 13,5 |
| Klám | 5 | 2,1 | 11 | 29,7 |
| Fjárhættuspil/tölvuleikir | 3 | 1,2 | 8 | 21,6 |
| Annað | 5 | 2,1 | 0 | 0,0 |
| Ekki viss | 27 | 11,1 | 2 | 5,4 |
| **Fjöldi einstaklinga** | **243** | | **37** | |




## Mynd 18. Neysla eða athafnir sem skerða lífsgæði og trufla daglegt líf, skipt eftir kyni

Hlutfallið í töflu 17 og mynd 18 miðast við þá 37 karla og 243 konur sem tilgreindu hvaða neysla eða athafnir hefðu skert lífsgæði þeirra. Upplýsingar um neyslu og athafnir sem hafa skert lífsgæði vantaði hjá 11 einstaklingum og teljast þeir ekki með í töflu 17 og mynd 18. Ber að hafa þetta í huga við túlkun upplýsinga. Einstaklingar greina oft frá mörgum atriðum sem skerða lífsgæði í kjölfar kynferðisofbeldis og þess vegna er fjöldi tilgreindra skerðinga hærri en fjöldi karla og kvenna sem tilgreindur er í töflunni.

Hærra hlutfall kvenna nefnir að ekkert af ofangreindu hafi skert lífsgæði þeirra borið saman við karla. Einnig var athyglisvert að hærra hlutfall karla nefnir að áfengi, önnur vímuefni, fjárhættuspil og tölvuleikir og klám hafi skert lífsgæði þeirra borið saman við konur. Þessar niðurstöður eru svipaðar og fram komu í ársskýrslu ársins 2014. Mikilvægt er þó að hafa í huga að fjöldi karla er aðeins 37.

4. Særún Ómarsdóttir. (2014). *Afleiðingar kynferðisofbeldis;* Alvarleiki, tengsl við geranda, tímalengd, tíðni, aldur og kyn þolenda. MA ritgerð í félagsráðgjöf: Háskóli Íslands.

### Tafla 18. Sjálfsvígstilraunir, skipt eftir kyni

| | Kona | | Karl | |
|---|---|---|---|---|
| | **Fjöldi** | **Hlutfall %** | **Fjöldi** | **Hlutfall %** |
| Nei | 188 | 77,7 | 22 | 57,9 |
| Já | 54 | 22,3 | 16 | 42,1 |
| **Fjöldi einstaklinga** | **242** | | **38** | |




### Mynd 19. Sjálfsvígstilraunir, skipt eftir kyni

Hlutfallið í töflu 18 og mynd 19 miðast við þá 38 karla og 242 konur sem tilgreindu hvort þau hefðu gert tilraun til sjálfsvígs. Upplýsingar um sjálfsvígstilraunir vantaði hjá 11 einstaklingum og teljast þeir ekki með í þessari töflu. Ber að hafa þetta í huga við túlkun upplýsinga.

Eins og sést í töflu 18 og mynd 19 tilgreindi hærra hlutfall karla en kvenna að þeir hefðu gert tilraun til sjálfsvígs. Í árskýrslu ársins 2014 var þessu öfugt farið en þar kom fram að hærra hlutfall kvenna hafði gert tilraun til sjálfsvígs borið saman við karla. Mikilvægt er þó að hafa í huga við túlkun og lestur töflu 18 og myndar 19 að fjöldi karla er aðeins 38.

### Tafla 19. Við hvaða fagaðila hefur ofbeldið verið rætt þegar komið var til Stígamóta árið 2015, skipt eftir tegund ofbeldis

| | Sifjaspell | | Nauðgun | | Nauðgunar-tilraun | | Klám | | Vændi | | Kynferðis-leg áreitni | | Annað | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Fjöldi** | **%** | **Fjöldi** | **%** | **Fjöldi** | **%** | **Fjöldi** | **%** | **Fjöldi** | **%** | **Fjöldi** | **%** | **Fjöldi** | **%** |
| Engum fagaðilum | 43 | 34,4 | 65 | 41,9 | 17 | 43,6 | 8 | 42,1 | 1 | 20,0 | 35 | 35,4 | 7 | 35,0 |
| Lækni | 15 | 12,0 | 21 | 13,5 | 5 | 12,8 | - | - | - | - | 5 | 5,1 | 2 | 10,0 |
| Starfsfólk geðdeildar | 8 | 6,4 | 13 | 8,4 | 2 | 5,1 | - | - | - | - | 5 | 5,1 | - | - |
| Geðlækni | 15 | 12,0 | 11 | 7,1 | 2 | 5,1 | 1 | 5,3 | - | - | 6 | 6,1 | 2 | 10,0 |
| Félagsráðgjafa | 19 | 15,2 | 13 | 8,4 | 6 | 15,4 | - | - | 1 | 20,0 | 8 | 8,1 | 2 | 10,0 |
| Félagsþjónustu | 8 | 6,4 | 5 | 3,2 | 3 | 7,7 | 1 | 5,3 | - | - | 3 | 3,0 | 1 | 5,0 |
| Sálfræðingi | 28 | 22,4 | 38 | 24,5 | 4 | 10,3 | 3 | 15,8 | - | - | 15 | 15,2 | 4 | 20,0 |
| Fagaðila í vímuefna-meðferð | 11 | 8,8 | 15 | 9,7 | 1 | 2,6 | 1 | 5,3 | - | - | 3 | 3,0 | - | - |
| Presti | 5 | 4,0 | 3 | 1,9 | 1 | 2,6 | - | - | - | - | 2 | 2,0 | 1 | 5,0 |
| Skólastarfsmanni | 7 | 5,6 | 6 | 3,9 | - | - | - | - | - | - | - | - | - | - |
| Lögreglufulltrúa | 9 | 7,2 | 12 | 7,7 | 2 | 5,1 | 1 | 5,3 | - | - | 3 | 3,0 | 3 | 15,0 |
| Kvennaathvarfi | 2 | 1,6 | 3 | 1,9 | - | - | - | - | - | - | 1 | 1,0 | 1 | 5,0 |
| Neyðarmóttöku | - | - | 7 | 4,5 | 3 | 7,7 | - | - | - | - | - | - | - | - |
| Barnahúsi | 8 | 6,4 | 8 | 5,2 | - | - | - | - | - | - | 2 | 2,0 | - | - |
| Öðrum fagaðilum | 7 | 5,6 | 7 | 4,5 | 1 | 2,6 | - | - | - | - | 7 | 7,1 | 1 | 5,0 |
| Ekki viss | 3 | 2,4 | 6 | 3,9 | 1 | 2,6 | - | - | - | - | 3 | 3,0 | - | - |
| Upplýsingar vantar | 8 | 6,4 | 10 | 6,5 | 7 | 17,9 | 6 | 31,6 | 3 | 60,0 | 25 | 25,3 | 3 | 15,0 |
| **Fjöldi einstaklinga** | **125** | | **155** | | **39** | | **19** | | **5** | | **99** | | **20** | |




**Mynd 20. Við hvaða fagaðila hefur ofbeldið verið rætt þegar komið var til Stígamóta árið 2015, skipt eftir tegund ofbeldis**

Tafla 19 og mynd 20 greina frá við hvaða fagaðila brotaþoli hafði rætt við, skipt eftir brotaflokki. Hlutfallið í töflunni miðast við hvern brotaflokk og fjölda þeirra einstaklinga sem nefndu að þeir hefðu orðið fyrir slíku broti. Þá er mikilvægt að taka fram að samanlagður fjöldi í töflu 19 og mynd 20 er hærri en fjöldi einstaklinga í hverjum brotaflokki þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt atriði. Rúmlega þriðjungur þeirra sem beittir höfðu verið sifjaspelli, nauðgun, nauðgunartilraun, klámi, kynferðislegri áreitni og öðru kynferðisofbeldi höfðu ekki rætt við neinn fagaðila um ofbeldið. Einnig var athyglisvert að um 20% þeirra sem beittir hafa verið sifjaspelli, nauðgun og öðru kynferðisofbeldi höfðu rætt við sálfræðing um ofbeldið.




### Mynd 21. Tengsl við ofbeldismenn

Á mynd 21 kemur fram að 468 ofbeldismenn höfðu beitt 291 einstaklinga sem leituðu til Stígamóta árið 2015 ofbeldi. Eins og áður hefur verið nefnt er vel hugsanlegt að sumir ofbeldismennirnir séu tví- eða jafnvel margtaldir. Önnur skýring á þessum fjölda ofbeldismanna er að á árinu voru 11 hópnauðganir til umfjöllunar hjá Stígamótum og að í sumum tilfellum er um fleiri en einn ofbeldismann að ræða í aðskildum ofbeldisverkum. Mynd 21 sýnir tengsl einstaklinga sem orðið hafa fyrir ofbeldi við ofbeldismenn. Tölur og hlutföll í myndinni miðast við fjölda ofbeldismanna (468). Ástæða er til að vekja athygli á því að aðeins 17,1% ofbeldismannanna sem nefndir voru árið 2015 voru ókunnugir þeim sem þeir beittu ofbeldinu og um 68,2% ofbeldismannanna voru tengdir þeim sem þeir beittu ofbeldinu fjölskylduböndum eða voru vinir eða kunningjar þeirra. Gamla goðsögnin um að einstaklingum stafi mest hætta af kynferðisofbeldi ókunnugra fær því ekki staðist.

## Tafla 20a/b) Samanburður milli ára frá árinu 2011

### 20a Sifjaspell

| **Sifjaspell** | **2011** | **2012** | **2013** | **2014** | **2015** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Faðir/stjúpfaðir | 14,3% | 23,8% | 20,2% | 24,3% | 14,1% | 19 |
| Móðir/stjúpmóðir | 0,0% | 4,0% | 0,6% | 1,7% | 2,2% | 3 |
| Giftur inn í fjölskylduna | 3,4% | 2,4% | 3,6% | 0,0% | 3,7% | 5 |
| Bróðir/stjúpbróðir | 13,4% | 13,5% | 6,5% | 11,3% | 7,4% | 10 |
| Systir/stjúpsystir | 0,0% | 1,6% | 1,2% | 0,9% | 0,7% | 1 |
| Frændi/frænka[5] | 26,9% | 12,7% | 20,8% | 17,4% | 21,5% | 29 |
| Afi/stjúpafi | 11,8% | 7,9% | 6,0% | 3,5% | 3,7% | 5 |
| Amma/stjúpamma | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0 |
| Maki | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0 |
| Fjölskylduvinur | 10,1% | 11,1% | 16,7% | 16,5% | 17,8% | 24 |
| Umsjónaraðili utan fjölskyldunnar | 4,2% | 1,6% | 4,8% | 9,6% | 4,4% | 6 |
| Vinur/kunningi | 5,0% | 9,5% | 7,1% | 7,0% | 13,3% | 18 |
| Vinnuveitandi/yfirmaður | 0,0% | 0,0% | 1,2% | 0,0% | 0,0% | 0 |
| Samstarfsmaður | 0,8% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0 |
| Ókunnugur | 2,5% | 3,2% | 4,8% | 0,9% | 2,2% | 3 |
| Annar/önnur | 6,7% | 4,8% | 2,4% | 6,1% | 7,4% | 10 |
| Fagaðili | 0,8% | 4,0% | 4,2% | 0,9% | 1,5% | 2 |
| Óvíst | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0 |
| **Fjöldi** | **119** | **126** | **168** | **115** | **135** | |

5. Í flokknum frændi/frænka voru 31 frændi og 1 frænka árið 2011, árið 2012 var 1 frænka og 15 frændur, árið 2013 voru það 2 frænkur og 33 frændur, árið 2014 voru það 2 frænkur og 18 frændur og árið 2015 voru það 29 frændur en engin frænka.

## 20b Nauðgun

| Nauðgun | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Faðir/stjúpfaðir | 2,6% | 0,5% | 0,0% | 1,0% | 0,9% | 2 |
| Móðir/stjúpmóðir | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0 |
| Giftur inn í fjölskylduna | 1,0% | 0,5% | 0,8% | 0,5% | 0,9% | 2 |
| Bróðir/stjúpbróðir | 0,5% | 0,0% | 1,1% | 0,5% | 0,0% | 0 |
| Systir/stjúpsystir | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0 |
| Frændi/frænka[6] | 2,6% | 0,5% | 1,9% | 2,6% | 1,4% | 3 |
| Afi/stjúpafi | 1,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0 |
| Amma/stjúpamma | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0 |
| Maki | 18,5% | 15,4% | 18,3% | 23,5% | 17,1% | 37 |
| Fjölskylduvinur | 2,1% | 3,7% | 2,7% | 4,1% | 1,8% | 4 |
| Umsjónaraðili utan fjölskyldunnar | 0,0% | 0,5% | 0,4% | 0,5% | 0,5% | 1 |
| Vinur/kunningi | 34,9% | 44,9% | 42,7% | 35,7% | 41,9% | 91 |
| Vinnuveitandi/yfirmaður | 1,5% | 0,5% | 0,0% | 0,0% | 1,4% | 3 |
| Samstarfsmaður | 1,5% | 1,4% | 1,1% | 2,0% | 3,2% | 7 |
| Ókunnugur | 26,7% | 27,1% | 26,3% | 24,5% | 26,3% | 57 |
| Annar/önnur | 5,6% | 3,7% | 1,9% | 2,6% | 4,1% | 9 |
| Fagaðili | 1,5% | 1,4% | 2,7% | 2,6% | 0,5% | 1 |
| Óvíst | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0 |
| **Fjöldi** | **195** | **214** | **262** | **196** | **217** | |

Í töflum 20a og 20b eru tengsl ofbeldismanna við einstaklingana borin saman fyrir sifjaspell og nauðgun eftir árum.

Mikilvægt er að taka fram hér að fjöldi ofbeldisbrota í töflum 20a og 20b er ekki sambærilegur við ástæður þess að leitað er til Stígamóta, sem sýndar eru í töflu 5, þar sem þær upplýsingar byggja á komuskýrslum brotaþola (291) en hér eru upplýsingar fengnar úr skýrslum um ofbeldismenn (468). Til dæmis getur verið að brotaþoli merki við "nauðgun" sem ástæðu þess að leitað var til Stígamóta og telst það sem ein ástæða en viðkomandi brotaþoli hefur svo kannski verið nauðgað af tveimur ofbeldismönnum og teljast þær þá sem tvær nauðganir í töflunum hér yfir tengsl ofbeldismanna. Þá byggist fjöldi ofbeldismanna í töflum 20a og 20b eingöngu á því þegar upplýsingar lágu fyrir um bæði tengsl og tegund ofbeldis, þannig að ef upplýsingar vantaði um annað hvort tegund ofbeldis og/eða tengsl ofbeldismanns við brotaþola, þá teljast þeir ekki með í þessum töflum. Ber að hafa þetta í huga við túlkun upplýsinga.

Eins og sést í töflu 20a voru um 53,3% ofbeldismanna tengdir þeim sem þeir beittu ofbeldi fjölskylduböndum. Tafla 20b sýnir að um 59 % ofbeldismanna voru makar, vinir eða kunningjar þeirra sem þeir beittu ofbeldinu. Þetta eru svipuð hlutföll og fram kom í árskýrslu ársins 2014.

6. Í flokknum frændi/frænka voru 3 frændur og engin frænka árið 2015.

### Tafla 21. Hefur brotaþoli rætt ofbeldið við ofbeldismanninn?

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| Nei | 366 | 78,2% |
| Já | 65 | 13,9% |
| Óvíst | 24 | 5,1% |
| Uppl. vantar | 13 | 2,8% |
| **Alls** | **468** | **100%** |

Tafla 21 sýnir að fáir hafa rætt ofbeldið við ofbeldismann eða 13,9%.

### Tafla 22. Svör ofbeldismanna

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| Viðurkenndi ofbeldið | 22 | 29,3% |
| Hafnaði ofbeldinu | 14 | 18,7% |
| Kenndi mér um ofbeldið | 12 | 16,0% |
| Ekki viss | 27 | 36,0% |
| **Alls** | **75** | **100%** |

Tafla 22 sýnir að í 34,7 % tilfella þar sem brotaþoli hafði rætt ofbeldið við ofbeldismanninn og gefið svar við því hvernig ofbeldismaður brást við, kenndi ofbeldismaður brotaþolanum um ofbeldið eða hafnaði því alfarið.




### Mynd 22. Hvað gerði ofbeldismaðurinn til að tryggja þögn brotaþola?

Mynd 22 á við um allar birtingarmyndir ofbeldis. Hlutfallið á við fjölda ofbeldismanna (468) en samanlagt hlutfall verður hærra en 100% þar sem stundum var merkt við fleiri en eitt atriði. Af þeim 468 ofbeldismönnum sem miðað er við í mynd 22 vantaði upplýsingar frá 23 (4,9%).

### Tafla 23. Samanburður milli nauðgana og sifjaspella

| | Sifjaspell | Nauðgun |
|---|---|---|
| Gerði ekkert sérstakt | 61,7% | 59,8% |
| Gaf gjafir/mútaði | 18,0% | 5,7% |
| Kenndi mér um ofbeldið | 7,0% | 13,4% |
| Notaði hótanir | 7,8% | 12,4% |
| Beitti líkamlegu ofbeldi | 0,8% | 6,7% |
| Annað | 3,9% | 3,3% |
| Ekki viss | 12,5% | 14,8% |

Ef skoðað er sérstaklega hvernig þessu er háttað í nauðgunar- og sifjaspellsmálum kemur í ljós að nokkur munur er á aðferðum ofbeldismanna við að tryggja þögn brotaþola. Þar ber sérstaklega að nefna að 18% þeirra sem beita sifjaspellum nota gjafir eða múta brotaþolum en eingöngu 5,7% þeirra sem nauðga. Fjöldi þeirra sem beittu sifjaspellum og merkt var við hvort og þá hvað þeir gerðu til að tryggja þögn brotaþola er 128 og þeirra sem nauðguðu og merkt var við hvort og þá hvað þeir gerðu til að tryggja þögn brotaþola er 209. Þessar upplýsingar byggja á skýrslum um ofbeldismenn og er ekki hægt að bera þessar tölur saman við ástæður þess að leitað var til Stígamóta.

### Tafla 24. Fjöldi ofbeldismanna fyrir hvern brotaþola

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| 1 ofbeldismaður | 179 | 61,5% |
| 2 ofbeldismenn | 60 | 20,6% |
| 3 ofbeldismenn | 21 | 7,2% |
| 4 ofbeldismenn | 13 | 4,5% |
| 5 ofbeldismenn | 2 | 0,7% |
| 6 ofbeldismenn | 5 | 1,7% |
| 7 ofbeldismenn | 2 | 0,7% |
| Upplýsingar vantar | 9 | 3,1% |
| **Alls** | **291** | **100%** |

Tafla 24 sýnir hve margir ofbeldismenn höfðu beitt brotaþola ofbeldi. Eins og sjá má var í kringum 35,4% tilfella um fleiri en einn ofbeldismann að ræða. Þessar niðurstöður eru svipaðar þeim niðurstöðum sem fram komu á árunum 2008 til 2014.

Í töflu 24 kemur fram að í 9 tilfellum eru 5 til 7 ofbeldismenn sem hafa beitt sama einstakling ofbeldi. Stundum getur verið um að ræða að tveir eða fleiri beiti ofbeldi á sama tíma eða tímabili en stundum geta það verið aðskilin atvik og/eða tímabil sem um ræðir.

# Kærð mál

### Tafla 25. Kært til lögreglu?

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| Nei | 400 | 85,5% |
| Já | 41 | 8,8% |
| Óvíst | 3 | 0,6% |
| Uppl. vantar | 24 | 5,1% |
| **Alls** | **468** | **100%** |




**Mynd 23. Kært til lögreglu**

Af þeim málum sem til Stígamóta bárust árið 2015 vitum við að 8,8% komust til opinberra aðila. Í ársskýrslum fyrir árin 1992 til 2014 kemur fram að um 4% til 17% mála hvert ár voru kærð til lögreglu. Ástæðurnar fyrir því að mál eru ekki kærð eru margar. Mál eru oft fyrnd þegar þau berast Stígamótum. Algengt er líka að fólk treystir sér ekki í gegnum yfirheyrslur og hefur ekki trú á að það nái fram rétti sínum fyrir dómstólum. Enn önnur skýring og e.t.v. algengari en marga grunar er að þau sem beitt eru kynbundnu ofbeldi eru svo þjökuð af skömm, sektarkennd og lélegri sjálfsmynd að þau treysta sér ekki til þess að kæra og finnst þau jafnvel bera ábyrgð á ofbeldinu sjálf, annað hvort að hluta til eða alveg.

Þannig kom fram í könnun sem gerð var af Hildigunni Magnúsdóttur og Katrínu Erlingsdóttur (2007)[7] að um 85% þeirra sem leituðu til Stígamóta nefndu skömm sem ástæðu fyrir að kæra ekki og að 75% kvenna sem hafði verið nauðgað litu svo á að nauðgunin hefði verið þeim sjálfum að kenna.

7. Hildigunnur Magnúsdóttir og Katrín Erlingsdóttir. (2007). *Íslenskir kynferðisbrotamenn: greining út frá svörum brotaþola.* Lokaritgerð í félagsráðgjöf: Háskóli Íslands.

### Tafla 26. Var ofbeldismaður ákærður?[8]

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| Nei | 0 | 0,0% |
| Já | 19 | 46,3% |
| Málið var fellt niður | 9 | 22,0% |
| Málið er í vinnslu | 13 | 31,7% |
| **Alls** | **41** | **100%** |

### Tafla 27. Hvernig var dæmt í málinu í héraðsdómi?

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| Dómur ekki fallinn | 2 | 10,5% |
| Sýknun | 5 | 26,3% |
| Skilorð | 3 | 15,8% |
| Fangelsi | 7 | 36,8% |
| Ekki viss | 2 | 10,5% |
| **Alls** | **19** | **100%** |

### Tafla 28. Hvernig var dæmt í málinu í Hæstarétti?

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| Ekki vísað til hæstaréttar | 6 | 40,0% |
| Dómur ekki fallinn | 1 | 6,7% |
| Sýknun | 1 | 6,7% |
| Héraðsdómur hækkaður | 1 | 6,7% |
| Ekki viss | 6 | 40,0% |
| **Alls** | **15** | **100%** |

Töflur 26, 27 og 28 gefa til kynna hvernig þeim málum sem kærð voru til lögreglu reiddi af í dómskerfinu. Eins og sjá má í töflu 26 endaði 46,3% þeirra mála sem kærð voru til lögreglu með ákæru og 22% málanna voru felld niður. Af þeim málum sem fóru fyrir héraðsdóm endaði rúmlega helmingur með fangelsisdómi eða skilorði eða um 52,6% (sjá töflu 27). Af þeim 15 málum þar sem dómur hafði fallið hjá héraðsdómi var 6 málum (40%) ekki vísað til hæstaréttar og í 2 málum (13,4%) var sýknun eða héraðsdómur hækkaður. Í 6 málum (40%) var ekki vitað hvort málunum hafði verið vísað til hæstaréttar (sjá töflu 28). Af þessu sést að aðeins lítill hluti þeirra mála sem kærð eru til lögreglu enda með ákæru.

# Fordómar og staðalímyndir

Í gegnum árin hafa ýmsar staðalímyndir og goðsagnir um kynferðisofbeldi verið áberandi í umræðunni. Sumar þessara goðsagna eru til þess fallnar að setja ábyrgðina á ofbeldinu á þá sem því eru beittir og draga úr ábyrgð ofbeldismanna. Það er hins vegar augljóst frá sjónarhorni Stígamóta að það er alltaf einn ábyrgur aðili í kynferðisbrotum en það er sá sem ofbeldinu beitir. Þá hafa einnig komið fram ýmsir fordómar á undanförnum árum, meðal annars um þjóðerni ofbeldismanna. Með spurningalista sem lagður er fyrir notendur Stígamóta er reynt að afla upplýsinga um þá þætti sem gætu snert einhverja af þessum fordómum og goðsögnum. Hér á eftir má sjá niðurstöður þessara spurninga fyrir árið 2015.

### Tafla 29. Fjöldi ofbeldismanna undir áhrifum áfengis- eða annarra vímugjafa þegar ofbeldið var framið

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| Nei | 163 | 34,8% |
| Já | 132 | 28,2% |
| Stundum | 57 | 12,2% |
| Óvist | 104 | 22,2% |
| Uppl. vantar | 12 | 2,6% |
| **Alls** | **468** | **100%** |

Eins og sjá má í töflu 29 kemur fram að um 34,8% ofbeldismanna voru ekki undir áhrifum áfengis/vímuefna og 12,2% voru það stundum og stundum ekki (í slíkum tilfellum beitti ofbeldismaðurinn brotaþola ofbeldi oftar en einu sinni).

8. Í árskýrslu ársins 2014 urðu þau mistök að heiti töflu 26 og töflu 27 víxluðust, rétt heiti á töflu 26 í árskýrlsu ársins 2014 var „Var ofbeldismaður ákærður?" og rétt heiti töflu 27 var „Hvernig var dæmt í héraðsdómi".

### Tafla 30. Samanburður á því hvort ofbeldismaður var undir áhrifum þegar hann framdi ofbeldið, flokkað eftir sifjaspellum annars vegar og nauðgunum hins vegar

| | Sifjaspell | | Nauðgun | |
|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall |
| Nei | 74 | 56,5% | 39 | 18,4% |
| Já | 8 | 6,1% | 101 | 47,6% |
| Stundum | 16 | 12,2% | 29 | 13,7% |
| Óvíst | 33 | 25,2% | 43 | 20,3% |
| **Alls** | **131** | **100%** | **212** | **100%** |

Eins og tafla 30 sýnir voru 6,1 % þeirra sem beittu sifjaspellum undir áhrifum vímugjafa og 12,2% voru það stundum. Af þeim sem nauðguðu voru 47,6% undir áhrifum vímugjafa og 13,7% voru það stundum. Fjöldi ofbeldismanna í töflu 30 byggist eingöngu á þeim upplýsingum sem lágu fyrir um bæði tegund ofbeldis og hvort ofbeldismaður var undir áhrifum þegar hann framdi ofbeldið. Þannig að ef upplýsingar vantaði um annað hvort tegund ofbeldis og/eða hvort ofbeldismaður var undir áhrifum þegar hann framdi ofbeldið þá teljast þau tilvik ekki með í þessari töflu. Ber að hafa þetta í huga við túlkun upplýsinga.

### Tafla 31. Þjóðerni ofbeldismanna

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| Íslenskur | 366 | 78,2% |
| Frá Evrópu | 20 | 4,3% |
| Utan Evrópu | 20 | 4,3% |
| Blandað þjóðerni | 2 | 0,4% |
| Óvíst, uppl. vantar | 60 | 12,8% |
| **Alls** | **468** | **100%** |

Undanfarin ár hefur borið á þeirri umræðu að íslenskum konum stafi mest hætta af erlendum mönnum sem koma hingað til lands. Eins og sést á töflu 31 eru flestir ofbeldismennirnir íslenskir eða 78,2%. Hafa verður þó í huga að upplýsingar vantar í um 12,8% tilfella. Þessi tafla sýnir svipaðar niðurstöður og fram komu í ársk‎ýrslum áranna 2008 til 2014.

### Tafla 32. Hefur brotaþoli beitt aðra kynferðisofbeldi?

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| Nei | 263 | 90,4% |
| Já | 2 | 0,7% |
| Ekki viss | 16 | 5,5% |
| Upplýsingar vantar | 10 | 3,4% |
| **Alls** | **291** | **100%** |

Ein lífseig goðsögn sem gengið hefur í gegnum tíðina er að þeir sem beittir eru kynferðisofbeldi, beiti síðar á ævinni aðra slíku ofbeldi. Frá 87% til 93% þeirra sem komu til Stígamóta árin 2008 til 2015 höfðu ekki beitt aðra kynferðisofbeldi. Hins vegar er mikilvægt að muna að þetta er erfið spurning og án efa eru einhverjar skuggatölur hér. Þessar niðurstöður gefa ákveðnar vísbendingar þó ekki sé hægt að alhæfa út frá þeim.

### Tafla 33. Var brotaþoli undir áhrifum áfengis og/eða annarra vímuefna þegar ofbeldið var framið, skipt eftir tegund ofbeldis

| | Sifjaspell | | Nauðgun | | Nauðgunar-tilraun | | Klám | | Vændi | | Kynferðisleg áreitni | | Annað | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| Nei | 54 | 43,2 | 38 | 24,5 | 13 | 33,3 | 7 | 36,8 | - | - | 45 | 45,5 | 7 | 35,0 |
| Já | 1 | 0,8 | 86 | 55,5 | 15 | 38,5 | 1 | 5,3 | 2 | 40,0 | 9 | 9,1 | 4 | 20,0 |
| Stundum | 3 | 2,4 | 17 | 11,0 | 1 | 2,6 | 3 | 15,8 | - | - | 10 | 10,1 | 3 | 15,0 |
| Var barn (á ekki við) | 57 | 45,6 | 4 | 2,6 | 3 | 7,7 | 4 | 21,1 | - | - | 13 | 13,1 | 2 | 10,0 |
| Ekki viss | - | - | 4 | 2,6 | - | - | - | - | - | - | 4 | 4,0 | 1 | 5,0 |
| Upplýsingar vantar | 10 | 8,0 | 6 | 3,9 | 7 | 17,9 | 4 | 21,1 | 3 | 60,0 | 18 | 18,2 | 3 | 15,0 |
| **Alls** | **125** | **100** | **155** | **100** | **39** | **100** | **19** | **100** | **5** | **100** | **99** | **100** | **20** | **100** |




**Mynd 24. Var brotaþoli undir áhrifum áfengis og/eða annarra vímuefna þegar ofbeldið var framið, skipt eftir tegund ofbeldis**

Tafla 33 og mynd 24 greina frá hvort einstaklingur hafi verið undir áhrifum áfengis og/eða vímuefna skipt eftir brotaflokki. Hlutfallið í töflunni og á myndinni miðast við hvern brotaflokk og fjölda þeirra einstaklinga sem nefndu að þeir hefðu orðið fyrir slíku broti.

Í 45,6% tilfella þegar um sifjaspell var að ræða var brotaþoli barn og í 43,2% tilfella þegar um sifjapell var að ræða var brotaþoli ekki undir áhrifum áfengis og/eða vímuefna. Í yfir helmingi tilfella þegar um nauðgun var að ræða var brotaþoli undir áhrifum áfengis og/eða vímuefna. Stígamót ítreka að þó að einstaklingur sé drukkinn eða undir áhrifum vímuefna þegar honum er nauðgað ber hann ekki ábyrgð á ofbeldinu og það er engin réttlæting á því ofbeldi sem hann er beittur.

# Tölulegar upplýsingar um ofbeldismenn

Árið 2015 var heildarfjöldi ofbeldismanna 507. Eins og fram hefur komið eru sumir ofbeldismannanna mögulega taldir oftar en einu sinni. Hér ber að ítreka að þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um alla þá ofbeldismenn sem taldir voru á árinu, byggja töflur 34-38 á þeim 468 skýrslum sem fylltar voru út af brotaþolum um ofbeldismennina.

**Tafla 34. Kyn ofbeldismanna**

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| Karl | 440 | 94,0% |
| Kona | 28 | 6,0% |
| **Alls** | **468** | **100%** |

Langflestir ofbeldismennirnir eru karlar eða 94% og er það í samræmi við niðurstöður ársskýrslna fyrri ára.

### Tafla 35. Kyn ofbeldismanna, skipt eftir tegund ofbeldis

| | Karl | | Kona | | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi |
| Sifjaspell | 125 | 92,6% | 10 | 7,4% | 135 |
| Nauðgun | 207 | 95,4% | 10 | 4,6% | 217 |
| Kynferðisleg áreitni | 95 | 91,3% | 9 | 8,7% | 104 |

Í töflu 35 koma fram upplýsingar um kyn ofbeldismanna sem beitt hafa sifjaspellum, nauðgun og kynferðislegri áreitni, þar sem kyn ofbeldismanna er þekkt. Fjöldi ofbeldisbrota í töflu 35 er ekki sambærilegur við ástæður þess að leitað er til Stígamóta (tafla 5), þar sem þær upplýsingar byggja á komuskýrslum brotaþola (291) en í töflu 35 eru upplýsingar fengnar úr skýrslum um ofbeldismenn (468) þar sem kyn og tegund brots var þekkt. Þannig að ef upplýsingar vantaði um annað hvort tegund ofbeldis og/eða kyn ofbeldismanns þá teljast þau tilvik ekki með í þessari töflu. Ber að hafa þetta í huga við túlkun upplýsinga. Eins og fram kemur í töflu 35 er meirihluti ofbeldismanna sem vitað er að beittu sifjaspelli, nauðgun eða kynferðislegri áreitni karlar. Þessar niðurstöður eru svipaðar og fram komu í ársskýrslum áranna 2013 og 2014.

### Tafla 36. Aldur ofbeldismanna þegar ofbeldi var framið

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| 10 ára eða yngri | 12 | 2,6% |
| 11 - 13 ára | 18 | 3,8% |
| 14 - 17 ára | 77 | 16,5% |
| 18 - 29 ára | 168 | 35,9% |
| 30 - 39 ára | 67 | 14,3% |
| 40 - 49 ára | 31 | 6,6% |
| 50 - 59 ára | 11 | 2,4% |
| 60 - 69 ára | 4 | 0,9% |
| 70 - 79 ára | 2 | 0,4% |
| Ekki viss | 64 | 13,7% |
| Merkt við fleiri en eitt atriði | 2 | 0,4% |
| Upplýsingar vantar | 12 | 2,6% |
| **Alls** | **468** | **100%** |

Tafla 36 sýnir hvenær ofbeldismenn beittu kynferðisofbeldi í fyrsta skipti. Í töflu 36 kemur fram að um helmingur ofbeldismanna eru á aldrinum 18-39 ára eða um 50,2%. Árið 2015 voru 107 ofbeldismenn undir 18 ára aldri eða 22,9% ofbeldismanna.

### Tafla 37. Hjúskaparstaða ofbeldismannsins þegar hann beitti ofbeldinu

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| Barn (á ekki við) | 59 | 12,6% |
| Einhleyp(ur) | 121 | 25,9% |
| Í sambandi | 41 | 8,8% |
| Í sambúð/hjúskap | 92 | 19,7% |
| Fráskilin(n)/slitið sambúð | 7 | 1,5% |
| Ekkja/ekkill | 1 | 0,2% |
| Ekki viss | 134 | 28,6% |
| Merkt við fleiri en 1 atriði | 2 | 0,4% |
| Upplýsingar vantar | 11 | 2,4% |
| **Alls** | **468** | **100%** |

Í töflu 37 er miðað við hjúskaparstöðu ofbeldismanns þegar hann beitti ofbeldi í fyrsta skiptið. Um 28,5% ofbeldismanna voru í sambandi eða sambúð/hjúskap þegar þeir beittu ofbeldinu.

### Tafla 38. Hefur ofbeldismaðurinn beitt aðra kynferðisofbeldi?

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| Nei | 7 | 1,5% |
| Já | 72 | 15,4% |
| Óvíst | 369 | 78,8% |
| Upplýsingar vantar | 20 | 4,3% |
| **Alls** | **468** | **100%** |

Eitt af því sem spurt er um í spurningalistum um ofbeldismenn er hvort brotaþoli viti til þess að ofbeldismaður hafi beitt aðra kynferðisofbeldi. Eins og gefur að skilja eru margir sem ekki geta svarað þeirri spurningu. Þó er vitað að 15,4% ofbeldismannanna hafa beitt aðra kynferðisofbeldi. Það er í samræmi við upplýsingar sem liggja fyrir um að hluti kynferðisbrotamanna beiti fleiri en eina manneskju kynferðisofbeldi (sjá fyrri ársskýrslur).

# Kyn ofbeldismanna og kyn brotaþola

### Tafla 39. Kyn ofbeldismanna og brotaþola

| | | | Kyn ofbeldismanns | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | **Karl** | **Kona** | **Bæði karl og kona** | **Samtals** |
| **Kyn brotaþola** | **Karl** | **Fjöldi** | 28 | 4 | 5 | 37 |
| | | **Hlutfall %** | 75,7% | 10,8% | 13,5% | 100,0% |
| | **Kona** | **Fjöldi** | 234 | 7 | 4 | 245 |
| | | **Hlutfall %** | 95,5% | 2,9% | 1,6% | 100,0% |

Tafla 39 sýnir að kyn ofbeldismanna var tilgreint hjá 282 brotaþolum en upplýsingar vantaði um kyn ofbeldismanns hjá 9 brotaþolum. Ástæður þess að kyn ofbeldismanns vantaði geta verið þær að ekki allir brotaþolar fylltu út spurningalista fyrir ofbeldismenn. Tafla 39 sýnir að meirihluti karla og kvenna voru beitt ofbeldi af körlum. Athyglisvert er að hærra hlutfall karla (eða um 10,8% karla) voru beittir ofbeldi af konu borið saman við hlutfall kvenna sem beittar voru ofbeldi af konu (það voru um 2,9% kvenna). Þessar niðurstöður eru í samræmi við ársskýrslu ársins 2014 og einnig eru þær í samræmi við niðurstöður Særúnar Ómarsdóttur (2014)[9]. Niðurstöður Særúnar sýndu einnig að meirihluti karla og kvenna eru beitt ofbeldi af körlum og hærra hlutfall karla voru beittir ofbeldi af konu borið saman við hlutfall kvenna sem voru beittar ofbeldi af konu.

# Aðstandendur

Heildarfjöldi aðstandenda árið 2015 voru 57 einstaklingar og byggja allar upplýsingar í þessum kafla á þeim fjölda.

### Tafla 40. Er brotaþoli sjálfur í viðtölum hjá Stígamótum?

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| Nei | 28 | 49,1% |
| Já | 29 | 50,9% |
| **Alls** | **57** | **100%** |

Í töflu 40 sést að í 49,1% tilfella þar sem aðstandendur leituðu til Stígamóta höfðu brotaþolarnir sjálfir ekki leitað aðstoðar.

9. Særún Ómarsdóttir. (2014). *Afleiðingar kynferðisofbeldis; Alvarleiki, tengsl við geranda, tímalengd, tíðni, aldur og kyn þolenda.* MA ritgerð í félagsráðgjöf: Háskóli Íslands

## Tafla 41a/b. Aðstandandi hvers kom í viðtal og hvernig eru tengslin?

### 41a. Aðstandandi:

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| Brotaþola | 49 | 86,0% |
| Bæði brotaþola og ofbeldismanns | 7 | 12,3% |
| Uppl. Vantar | 1 | 1,8% |
| **Alls** | **57** | **100%** |

### 41b. Tengsl aðstandanda:

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| Foreldri | 22 | 38,6% |
| Maki | 10 | 17,5% |
| Systkini | 4 | 7,0% |
| Barn (afkomandi) | 1 | 1,8% |
| Vinur/vinkona | 10 | 17,5% |
| Frænka/frændi | 2 | 3,5% |
| Önnur tengsl | 1 | 1,8% |
| Mismunandi tengsl við bæði brotaþola og ofbeldismann | 7 | 12,3% |
| **Alls** | **57** | **100%** |

Í töflum 41a sést að flestir aðstandendur eru tengdir brotaþola en 12,3% eru þó tengdir bæði brotaþola og ofbeldismanni. Í töflu 41b sést að meirihluti þeirra aðstandenda sem komu til Stígamóta voru foreldrar og makar, eða 56,1%. Samskonar niðurstöður komu einnig fram í árskýrslu frá árunum 2008 til 2014.

## Tafla 42. Kyn aðstandenda

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| Karl | 19 | 33,3% |
| Kona | 38 | 66,7% |
| **Alls** | **57** | **100%** |

Eins og sést í töflu 42 kemur fram að meirihluti aðstandenda, sem leituðu til Stígamóta árið 2015 voru konur, eða 66,7%. Þetta eru svipaðar niðurstöður og komu fram árin 2008 til 2014.

## Tafla 43. Form ofbeldis sem brotaþoli var beittur

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| Sifjaspell | 24 | 31,6% |
| Nauðgun | 23 | 30,3% |
| Kynferðisleg áreitni | 21 | 27,6% |
| Annað | 4 | 5,3% |
| Ekki viss | 4 | 5,3% |
| **Alls** | **76** | **100%** |

Tafla 43 sýnir það form ofbeldis sem brotaþoli lenti í og aðstandandi leitar til Stígamóta vegna. Taflan sýnir að flestir leita til Stígamóta vegna sifjaspells eða nauðgunar sem aðstandandi þeirra var beittur, eða 61,9%. Oft hefur fólk lent í fleiri en einni tegund ofbeldis og því eru ástæður komu fleiri en einstaklingarnir (57).




**Mynd 25. Til hvaða fagaðila hefur aðstandandi leitað til áður varðandi ofbeldið?**

Það er mikilvægt að taka fram að samanlagður fjöldi á mynd 25 er meiri en fjöldi einstaklinga (57) þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt atriði. Hlutfallið miðast við heildarfjölda aðstandenda (57). Athyglisvert er að meirihluti eða 75,4% þeirra aðstandenda sem leituðu til Stígamóta árið 2015 höfðu ekki leitað til fagaðila vegna ofbeldisins áður en þeir komu á Stígamót, þetta eru svipaðar niðurstöður og komu fram í ársskýrslum Stígamóta fyrir árin 2011 til 2014.

Laugavegi 170
105 Reykjavík

Símar: 562 6868
800 6868

stigamot@stigamot.is
www.stigamot.is